

LÁTA DRAUMA RÆTAST OG FORÐAST SYKURPÚKANN ▶46



Harpa Arnardóttir

DÚKKUHEIMILI ER ÍSLAND Í DAG ▶44




Opið til 17

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

FRÉTTABLAÐIÐ

GAMLÁRSDAGUR

31. desember 2014

306. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




# GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

Fréttablaðið þakkar lesendum samfylgdina á gamla árinu og óskar landsmönnum velfarnaðar á nýju ári



Erlendar fréttir 2014

STYRJALDIR, UPPREISNIR OG GRIMMDARVERK ▶12



FREYÐIVÍNSNEYSLA LANDANS NÁLGAST GÓÐÆRISHÆÐIR ▶6



Fréttamyndaannáll

BRUNI, GOS OG LEKI ▶22

SÉRBLAÐ

Fólk




LYFJA

- Lifið heil

Gleðilegt nýtt ár

www.lyfja.is

Við höfum opið yfir áramótin

Opið gamlársdag:
kl. 8-18 í Lágmúla
kl. 8-18 á Smáratorgi

Opið nýársdag:
kl. 10-24 í Lágmúla
kl. 9-24 á Smáratorgi



## SPURNING DAGSINS



Davíð, eruð þið á leiðinni norður og niður?

**„Við erum allavega ekki á leiðinni suður og upp.“**

Davíð Örn Símonarson, framkvæmdastjóri Zalibunu ehf., vill reisa sleðarennibraut niður Hlíðarfjall á Akureyri. Fyrirtækið ætlaði áður að byggja brautina í Kömbunum við Suðurlandsveg.

Mótvægisaðgerðir Búseta á Norðurlandi munu koma til móts við leigjendur:

# Búseti lækkar gjöld á leigjendur

**HÚSNÆÐISMÁL** Mótvægisaðgerðir Búseta á Norðurlandi með niðurskurði á rekstrarkostnaði og frestun á viðhaldi lækka verulega leigu á félagslegum íbúðum í eigu félagsins. Þetta er mat Benedikts Sigurðarsonar, framkvæmdastjóra Búseta á Norðurlandi.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að Búseti á Norðurlandi hafi ákveðið að hækka leigu á félagslegum íbúðum um 13 prósent frá og með næstu áramótum.



**BENEDIKT SIGURÐARSON** framkvæmdastjóri Búseta.

Hið rétta er að fjármagnsliður félagslegra íbúða á Akureyri hækkar um 13 prósent eða rúm tíu prósent umfram verðbólgu.

Á móti mun Búseti á Norðurlandi lækka rekstrarsjóðsgjöld um tvö þúsund krónur á mánuði og hætt verður að innheimta fast gjald vegna aðgangs að þjónustu umsjónarmanns. Einnig verður fast viðhaldsgjald lækkað.

Gjaldskrárbreyting felur þannig í sér að hækkun á mánaðargjaldi í félagslegum íbúðum á Akureyri verður minnst 2,15 prósent og mest 4,5 prósent, en ekki 13 prósent eins og var sagt í Fréttablaðinu í gær. - sa

Kostnaðarþakið lækkað:

# Dregur úr lyfjakostnaði fólks

**HEILBRIGÐISMÁL** Þak á árlegan hámarkskostnað fólks vegna lyfja lækkar um 10 prósent um áramót, samkvæmt nýrri reglugerð heilbrigðisráðherra.

Hámarkskostnaður fer úr 69.416 krónum hjá almennum notendum í 62.000 krónur, og hjá börnum, lífeyrisþegum og fólki undir 22 ára úr 46.277 krónum í 41.000 krónur.

Afsláttarþrep í lyfjagreiðslukerfi lækka einnig en það miðar við að notendur borgi lyf sín að fullu upp að ákveðinni fjárhæð. - skh



**AÐGERÐASINNI** Navalny-bræður vilja meina að stjórnvöld ofsæki þá vegna skoðana þeirra. Hér sést Alexei í kjölfar handtökunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kastaðist ítrekað í kekki milli mótmælenda og lögreglu:

# Þúsundir mótmæltu í Moskvu

**RÚSSLAND Yfir hundrað mótmælendur voru handteknir í Moskvuborg í gær. Meðal hinna handteknu var Alexei Navalny, einn þekktasti aðgerðasinni landsins, en mótmælin brutust út í kjölfar þess að bróðir hans var dæmdur í fangelsi. Navalny var fluttur aftur á heimili sitt þar sem hann hefur setið í stofufangelsi síðan í febrúar.**

**Er heim var komið tísti Navalny á samskiptavefnum Twitter þar sem hann brýndi fyrir fólki að mótmæla áfram. Pútín gæti ekki handtekið alla. Fjöldi mótmælenda var vel á þriðja þúsund.** - jóe

# Læknar fara fram á 42 prósenta hækkun

Samninganefnd lækna hafnaði á mánudag tilboði ríkisins um 28 prósenta launahækkun. Samningaviðræður eru komnar í hnút eftir að læknar hækkuðu kröfur sínar. Ekki verður samið fyrr en læknar slaka á kröfunum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningaviðræður lækna og ríkisins virðast komnar í hnút. Fundað var hjá Ríkissáttasemjara í gær í tveimur lotum, fyrri lotan hófst klukkan 10.30 og stóð til hádegis og hin frá klukkan 15.00 þegar fámennari hópur hittist og stóð sá fundur fram á kvöld. Enn er ósamið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru samningaviðræður langt komnar og stutt í að aðilar næðu saman á mánudag. Þá hittust aðilar á fundi þar sem samninganefnd ríkisins bauð læknum um 28 prósenta hækkun og aukinn frítökurétt, sem hægt væri að reikna upp í 30 prósenta launahækkun.

Eftir það tilboð ríkisins lögðu læknar skyndilega fram nýja kröfugerð um 37 til 38 prósenta hækkun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu fyrir þennan fund farið fram miklar og víðtækar samræður deiluaðila, með aðkomu nokkurra ráðherra og aðilar langt komnir með að sættast á 28 til 30 prósenta hækkun. Því má segja að útspil samninganefndar lækna hafi komið nokkuð í bakið á gagnaðilum þeirra, auk þess sem ríkissáttasemjara mun ekki hafa verið kunnugt um þessa ráðagerð lækna. Rétt fyrir lok fundarins hækkuðu læknar síðan kröfur sínar enn frekar, upp í um 41 til 42 prósent.

Á samningafundinum í gær varð niðurstaðan sú að ekki verði samið fyrr en læknar slái af kröfum sínum. Sigurveig Pétursdóttir, formaður samninganefndar lækna, segir að ekki verði samið fyrir áramót úr því sem komið er.



**LÆKNADEILAN** Minni hópur úr samninganefndum ríkisins og lækna fundaði hjá Ríkissáttasemjara í gær eftir að samkomulag rann út í sandinn á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Það ber enn þá talsvert í milli, það er vandamálið. Auðvitað hefur ríkið hækkað sig frá því sem upphaflega var en þetta er ekki nægjanlegt til þess að við getum haldið fólki á Íslandi, því þetta dugir ekki til að fá samninginn samþykktan,“ segir Sigurveig.

Ríkisstjórnin fundaði einnig í gær vegna stöðunnar sem komin er upp í deilunni. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segist miklar áhyggjur hafa af stöðunni.

„Við höfum fyrir okkar leyti boðið kjarabætur sem vel rúmlega mæta þeim væntingum sem að við töldum að menn hefðu. Þess vegna verðum við fyrir sárum vonbrigðum þegar við sjáum yfirlýsingar á borð við þær sem hafa komið að undanförnu og að hér skuli allt stefna í verkfall,“ segir Bjarni.

Bjarni segist hafa teygt sig langt, hlustað hafi verið eftir því að kalla þurfi lækna heim að utan, jafna stöðu þeirra miðað við launaþróun annarra en kröfur þeirra eins og þær birtast á mánudag séu algerlega óraunhæfar.

Spurður hvort setja eigi lög á verkfall lækna segist Bjarni ekki ætla að bollaleggja um það að svo stöddu.

„Það er engum blöðum um það að fletta að ef hætt verður við allar stórar aðgerðir frá og með fyrstu vikunni á næsta ári, þá er komið upp ástand sem er algerlega óþolandi og óboðlegt í íslensku heilbrigðiskerfi,“ segir Bjarni. fanney@frettabladid.is

Mögulega byggð ný aðstaða:

# Byggðastofnun vill úr húsi KS

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn Byggðastofnunar hefur samþykkt að afla heimilda til að byggja nýtt húsnæði fyrir starfsemina á Sauðárkróki. Vill stjórnin skoða þann kost að komast úr húsnæði sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Þar hefur stofnunin verið síðan hún var flutt á Sauðárkrók 1998.

Á stjórnarfundi Byggðastofnunar í október kom fram að miðað við núverandi húsaleigu væri mun hagkvæmara að byggja nýtt húsnæði. Spara mætti með því allt að fimmtíu milljónir króna. Í samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins verður unnið með málið áfram. - sa

Dómstólaleið í myndinni:

# Kæra skatt til ríkisskattstjóra

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn Glitnis hefur kært svonefndan bankaskatt til ríkisskattstjóra. Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður stjórnarinnar, segir skattinn hafa verið greiddan með fyrirvara.

Skatturinn var lagður á 2010 og var þá 0,041 prósent. Um síðustu áramót var hann svo hækkaður í 0,145 prósent.

„Við þurfum að fá niðurstöðu frá Embætti ríkisskattstjóra og svo kemur auðvitað til greina að láta reyna á lögmæti skattsins fyrir dómstólum. Við metum það hins vegar út frá því hvað kemur út úr kæru okkar til embættisins,“ segir Steinunn. - skh




Formaður þingflokks Framsóknarflokksins tekur við umhverfisráðuneytinu:

# Sigrún verður tíundi ráðherrann

**ALÞINGI** Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, mun taka við af Sigurði Inga Jóhannssyni, flokksbróður sínum, sem umhverfis- og auðlindaráðherra á ríkisráðsfundi í dag. Sigurður mun sitja áfram í stóli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Síðan ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins tók við hefur fyrrnefndi flokkurinn haft fimm ráðherra en sá síðarnefndi fjóra. Nú eru ráðherrar flokkanna jafn margir.

Sigrún er fædd tveimur dögum áður en íslenska lýðveldið var stofnað á Þingvöllum. Hún var kjörin á þing eftir kosningarnar í fyrra en hefur í gegnum tíðina átt sæti í fjölmörgum ráðum og nefndum.

Sitji Sigrún til enda kjörtímabilsins mun hún slá met Gunnars Thoroddsen sem elsti ráðherra Íslandssögunnar. Þegar kjörtímabilinu lýkur verður Sigrún á 74. aldursári en Gunnar var 72 ára er hann lét af embætti forsætisráðherra árið 1983.

Páll Pétursson, eiginmaður Sigrúnar, var eitt sinn ráðherra og eru þau fyrstu hjónin til að verða ráðherrar. Páll var félagsmálaráðherra frá 1995 til 2003. - jóe



**NÝR RÁÐHERRA** Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, tekur við starfi umhverfisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Gleðilegt nýtt ár
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

## SVONA ERUM VIÐ



**125** milljarðar voru greiddir út
í atvinnuleysisbætur frá ársbyrjun 2008 út árið 2013.

Rekstrarúttekt á Strætó bs. og hinum byggðasamlögunum á að vera lokið eigi síðar en í lok apríl 2015:

# Sjötíu og einn vildi framkvæmdastjórastarf

**STJÓRNSÝSLA** Strætó bs. barst 71 umsókn í starf framkvæmdastjóra fyrirtækisins en umsóknarfrestur rann út 15. desember síðastliðinn.

Þetta kemur fram í fundargerð stjórnar Strætó frá 19. desember.

„Ráðgjafar Capacent munu nú fara yfir umsóknir og meta þær eftir fyrirframgefnum matsramma,“ segir í fundargerðinni.

Stjórn Strætó komst í nóvember að samkomulagi við Reyni Jónsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækisins, um að hann léti af störfum. Í tölvupósti sem stjórnin sendi starfsmönnum Strætó mánudaginn 24. nóvember kom fram að það væri sameiginlegt mat beggja aðila að ekki væri lengur traust milli stjórnar fyrirtækisins og framkvæmdastjórans. Fjölmiðlar höfðu þá greint frá kaupum fyrirtækisins á tíu milljóna króna Mercedes Benz-jeppa sem Reynir hafði til umráða. Reynir tók sjálfur ákvörðun um að kaupa jeppann og bar hana hvorki undir stjórn né stjórnarformann.

Bryndís Haraldsdóttir, stjórnarformaður Strætó, sagði í kjölfarið að rekstrarúttekt yrði gerð á starfsemi Strætó. Í áðurnefndri fundargerð samþykkir stjórnin tillögu stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um að unnin verði ítarleg greining á rekstri byggðasamlaganna þriggja; Strætó, Sorpu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Stýrihópur um verkefnið á að skila niðurstöðum eigi síðar en í lok apríl 2015. - hg



**MJÓDDIN** Strætó bs. er í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**STYKKISHÓLMUR** Gisting er seld í íbúðarhúsum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Atvinnurekstur í íbúðum:

## Fasteignamat verði samræmt

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Stykkishólms vill tryggja að húsnæði í bænum sé rétt flokkað í fasteignamatsskrá. Afla á upplýsinga um útgefin rekstrarleyfi hjá sýslumanni og senda þær til Þjóðskrár.

„Borist hafa upplýsingar um að embætti sýslumanns hafi veitt leyfi til þess að stunda atvinnustarfsemi í húsum sem eru skráð sem íbúðarhús,“ segir bæjarstjórnin. Leyfin varði gistingu og veitingastarfsemi.

„Til þess að gæta jafnræðis er nauðsynlegt að tryggja að eignir séu rétt flokkaðar í mati eftir notkun.“ - gar

Eignasala hjá Orkuveitunni:

## Seldu bústað í Borgarfirði

**FJÁRMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hefur selt sumarbústað sem fyrirtækið átti við Bása í landi Svartagils í Borgarfirði.

Um er að ræða 47 fermetra hús sem byggt var árið 1993 og var áður í eigu Starfsmannafélags Hitaveitu Reykjavíkur þar til eignarhaldið færðist til OR á árinu 2010.

Kaupandi bústaðarins er félagið Carpe Diem sf. sem fékk húsið afhent um miðjan desember. - gar

# Vodafone fór á flug eftir erfiðleika í lok síðasta árs

Árið hefur verið sveiflukennt á íslenskum hlutabréfamarkaði. Sérfræðingur telur útlitið fram undan gott. Bréf í Vodafone hafa hækkað í verði, en mikil svartsýni ríkti eftir gagnaleka úr fyrirtækinu í lok síðasta árs.

**VIÐSKIPTI** Miklar sveiflur hafa verið á hlutabréfamarkaði á árinu 2014, en gengi bréfa í flestum fyrirtækjum stendur þó hærra en í upphafi árs.

Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, telur að útlitið sé gott fyrir næsta ár og búast megi við stöðugleika. „Ég held að það verði engin flugeldasýning,“ segir Sveinn en bætir við að það sé algjör óþarfi að vera svartsýnn.

Almennt hækkuðu bréf nokkuð í upphafi janúar í ár. Svo tóku bréf að lækka og úrvalsvísitalan náði botninum seinni hlutann í júlí. Um miðjan október fór markaðurinn svo að hækka aftur. Jóhann Viðar Ívarsson, sérfræðingur hjá IFS greiningu, segir að lækkunin framan af ári hafi komið á óvart þegar litið sé til þess að við erum enn í höftum og mikið fjármagn að leita í farveg.

„Ég held að meginskýringin hafi verið sú að stærstu fjárfestar landsins, lífeyrissjóðirnir og fjárfestingarsjóðir af ýmsu tagi, höfðu þó heilmikið framboð utan almennra hlutabréfa og skuldabréfa til þess að skoða og velja úr. Það var svo mikið af óskráðum fjárfestingum í boði og óhefðbundnum fjárfestingum eins og eignavörðum skuldabréfum til að velja úr. Það var verið að kynna fyrir þeim fjárfestingar- og framtakssjóði af ýmsu tagi og bjóða þeim að koma að því að fjármagna byggingu á fjórum kísilverum,“ segir Jóhann Viðar. Hann telur að þetta hafi dregið úr eftirspurn hjá stærstu fjárfestunum eftir skráðum bréfum.

Sveinn Þórarinsson bendir á að það séu ákveðin félög sem drífi íslenska hlutabréfamarkaðinn áfram. Það kunni að vera ástæða þess að hlutabréf fóru aftur að hækka í haust. „Það voru góð uppgjör hjá Marel og ágætis uppgjör hjá Icelandair,“ segir hann. Við það bætist að ytri skilyrði séu góð, olíuverð hafi lækkað og staða efnahagsmála í Bandaríkjunum sé góð. Þetta hafi jákvæð áhrif á gengi bréfa í stærstu félögunum og önnur félög hækki með.

„Vodafone hefur hækkað töluvert,“ segir hann. Markaðsverð Vodafone var 9,29 milljarðar á síðasta viðskiptadegi ársins 2013 en 11,89 milljarðar í gær. Verðmætið hefur því hækkað um tæp 28 prósent.

Menn voru hins vegar hræddir um stöðu Vodafone í byrjun árs, eftir að smáskilaboð sem fyrirtækið vistaði láku á netið. Þá tók Stefán Sigurðsson við stöðu forstjóra af Ómari Svavarssyni. „Það var svolítill titringur með félagið. Bæði lekinn og svo var skipt um mann í brúnni. En svo kom uppgjör á þriðja fjórðungi sem var gott,“ segir Sveinn.

jonhakon@frettabladid.is



**VODAFONE** Það blés ekki byrlega um síðustu áramót, en mörg góð skref hafa verið stigin síðan þá. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Það var svolítill titringur með félagið. Bæði lekinn og svo var skipt um mann í brúnni. En svo kom uppgjör á þriðja fjórðungi sem var gott.**
>
> *Sveinn Þórarinsson, sérfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans.*

## Verðbreytingar skráðra félaga í Kauphöllinni

| Félag | Árshækkun/lækkun |
|---|---|
| Century Aluminum | 187,0% |
| Hampiðjan | 70,6% |
| Össur | 57,6% |
| HB Grandi | 53,6% |
| Sláturfélag Suðurlands (B) | 51,6% |
| Nýherji | 41,9% |
| Vodafone | 28,4% |
| N1 | 22,8% |
| Icelandair Group | 17,6% |
| Hagar | 5,3% |
| Úrvalsvísitalan | 4,1% |
| Marel | 3,8% |
| Sjóvá | 0,4% |
| Eimskipafélagið | -9,5% |
| Reginn | -12,9% |
| VÍS | -16,1% |
| TM | -17,9% |
| Bank Nordik | -20,0% |






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**GLEÐILEGT NÝTT ÁR** Léttskýjað verður til að byrja með syðra, dregur svo fyrir með deginum en léttir til í staðinn A- og N-lands. Það kólnar síðan með deginum og lægir heldur. Nýtt ár tekur síðan á móti okkur með 1-10 stiga frosti og hægri breytilegri átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | -2° | New York | 0° |
| Aþena | 6° | Gautaborg | 6° | Orlando | 21° |
| Basel | 2° | Kaupmannahöfn | 6° | Ósló | -4° |
| Berlín | 4° | Las Palmas | 21° | París | 4° |
| Billund | 7° | London | 8° | San Francisco | 10° |
| Frankfurt | 3° | Mallorca | 13° | Stokkhólmur | 1° |




**Á MORGUN** Hæg breytileg átt




**FÖSTUDAGUR** Hæg breytileg en hvessir síðdegis S-lands



**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# VIÐ EIGUM SAMAN GLEÐILEGT ÁR



Við óskum landsmönnum ánægju og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

Höfum auga með yngstu kynslóðinni og gætum að því að allir noti hlífðargleraugu þegar flugeldunum verður skotið á loft.

Megi árið 2015 verða okkur öllum til heilla.

Áramótakveðjur,
starfsfólk Varðar

ÍSLENSKA / SIA.IS/ VOR 71688 12/14

**VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT** Í VÆNDUM Á NÝJU ÁRI?

**Borgartún 25 | 105 Reykjavík | sími 514 1000 | vordur.is**

vörður

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvenær hófst rannsókn á Sjóvármálinu?
**2.** Hvað mun rennibrautin kosta sem forsvarsmenn Zalibunu vilja reisa í Hlíðarfjalli?
**3.** Hvað er tjónið mikið vegna gámanna sem skemmdust á Dettifossi?

**SVÖR**
**1.** Í júlí 2009. **2.** 130 milljónir króna. **3.** Nálægt 200 milljónum króna.

Augnlæknir segir að svo virðist sem margir átti sig ekki á því hversu öflugir flugeldar eru orðnir:

# Augnslysum vegna kröftugra flugelda fjölgar

**HEILBRIGÐISMÁL** Með aukinni notkun hlífðargleraugna hefur augnslysum af blysum og kraftlitlum flugeldum fækkað.

Hins vegar sýna tölur frá augndeild Landspítala aukinn fjölda slysa vegna mjög kröftugra flugelda, segir María Soffía Gottfreðsdóttir, augnskurðlæknir á augndeild Landspítala, í aðsendri grein á fréttavefnum Vísi í dag. Hún segir að svo virðist sem margir átti sig ekki á því hversu öflugir flugeldarnir eru orðnir. „Í verstu slysunum vegna mjög kröftugra flugelda hafa hlífðargleraugu ekki mikið að segja og telja margir að takmarka beri aðgang almennings að allra kröftugustu flugeldunum,“ segir hún.

María Soffía segir að á Íslandi séu augnslys ein aðalorsök varanlegrar blindu hjá börnum. Að meðaltali hafi verið um tvö augnslys um hver áramót og geta áverkarnir verið allt frá smávægilegum bruna á augnlokum og yfirborði augans og yfir í alvarlegustu áverka þar sem augað hreinlega springur. María nefnir nokkrar leiðir til þess að draga úr líkum á því að slys verði. Aldrei skyldi líta á flugelda sem leikföng og foreldrar þurfi að passa upp á börn og unglinga. Mikilvægt sé að nota hlífðargleraugu. Þá fari áfengisnotkun og flugeldar ekki saman.

Grein Maríu Soffíu má lesa í heild á Vísi. - jhh



**AUGNAÐGERÐ** Í verstu slysunum hafa hlífðargleraugu ekki mikið að segja.


## JÓLAHAPPDRÆTTI SJÁLFSBJARGAR

**DREGIÐ VAR ÞANN 24. DESEMBER 2014**

**Vinningar og vinningsnúmer**

**1.** **Nissan Leaf Nordic rafbifreið frá BL ehf. að verðmæti kr. 4.490.000,-**
8680

**2. - 21.** **iPhone 6 plus 128GB snjallsímar, hver að verðmæti kr. 164.990,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 343 | 1286 | 2669 | 3295 | 5168 |
| 10641 | 14222 | 17081 | 22273 | 22293 |
| 23625 | 25400 | 25501 | 25982 | 27243 |
| 27436 | 29178 | 29350 | 29563 | 29649 |

**22. - 41.** **Eldsneytiskort frá Orkunni, hvert að verðmæti kr. 150.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1001 | 2120 | 2800 | 2983 | 3245 |
| 12915 | 13539 | 14781 | 15215 | 18065 |
| 18185 | 18540 | 19782 | 21987 | 24215 |
| 25155 | 25466 | 26956 | 27687 | 29943 |

**42. - 61.** **Gjafakort, hvert að verðmæti kr. 150.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2185 | 2989 | 3828 | 4387 | 7591 |
| 9897 | 16555 | 17335 | 20328 | 21735 |
| 22134 | 23147 | 24212 | 24280 | 24710 |
| 26993 | 28097 | 29037 | 29590 | 29781 |

(birt án ábyrgðar)

Handhafar vinningsmiða eru vinsamlega beðnir um að framvísa þeim á skrifstofu Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra að Hátúni 12, Reykjavík, sími 550 0360.

**Byrjað verður að greiða út vinninga þann 12. janúar 2015.**

Vinningaskrá er einnig birt á heimasíðu samtakanna, **sjalfsbjorg.is**

**Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra**
**þakkar landsmönnum veittan stuðning.**


# Drykkja á freyðivíni nálgast góðærisárin

Allt stefnir í að sala á freyðivíni verði meiri á þessu ári en á öðrum árum frá hruni. Um fjórtán prósent af heildarsölunni eiga sér stað á tveimur síðustu dögunum fyrir áramót. Munaðarvaran kampavín virðist ætla að seljast betur en í fyrra.

**VERSLUN** Útlit er fyrir að sala á freyðivíni verði meiri á árinu sem nú er að líða en á öðrum árum frá efnahagshruninu. Í byrjun vikunnar höfðu tæplega 106 þúsund lítrar selst, næstum jafn mikið og í fyrra, en þá voru söluhæstu dagar ársins eftir.



**SIGRÚN ÓSK SIGURÐARDÓTTIR**

„Um fjórtán prósent af heildarsölu freyðivíns selst á þessum tveimur síðustu dögum ársins og því er útlit fyrir að salan verði meiri en hún hefur verið frá árinu 2008,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Alls seldust 106 þúsund lítrar af freyðivíni í fyrra. Salan hefur aukist ár frá ári frá 2009 þegar hún féll um 18 prósent milli ára.

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR hefur meðalverð á seldu freyðivíni hækkað á árinu. Ekki liggur fyrir hvort sala á kampavíni hafi aukist milli ára en Sigrún segir allt stefna í aukningu í þeirri tegund freyðivíns.

„Hlutfall kampavíns í lítrasölu freyðivíns hefur verið í kringum fimm prósent. Svo hefur ólíkum tegundum af freyðivíni í verslunum ÁTVR einnig fjölgað en í árslok 2013 voru þær sextíu en 71 núna,“ segir Sigrún.

Greiningardeild Arion banka gerði kampavínssölu hér á landi að umfjöllunarefni í Markaðspunktum deildarinnar í maí síðastliðnum. Kom þar fram að salan á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs var sautján prósentum meiri en á sama tíma í fyrra. Söluaukningin átti bæði við um dýrt sem ódýrt kampavín og fólst því ekki í að kaupendur væru að færa sig í auknum mæli í ódýrari tegundir kampavíns á kostnað dýrari.

„Í augum flestra er kampavín munaðarvara og þar af leiðandi eitt það fyrsta sem heimili, sem á annað borð hafa haft efni á að kaupa slíka vöru, skera við nögl þegar harðnar í ári. […] Svo virðist sem sala kampavíns gefi nokkuð góða mynd af gangi hagkerfisins á hverjum tíma og hefur hún skýra jákvæða fylgni bæði við hagvöxt og einkaneyslu,“ segir í umfjöllun greiningardeildarinnar.

haraldur@frettabladid.is



**ÁTVR** Kampavínssala er óhefðbundinn efnahagsvísir í samanburði við aðra eins og landsframleiðslu og atvinnuleysistölur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SALA Á FREYÐIVÍNI 2006–2013
*í þúsundum lítra*





## Dregið hefur verið í jólahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

**Vinningar komu á eftirtalin númer:**

**Toyota Yaris Active að verðmæti kr. 2.950.000**
**hvor bifreið komu á miða númer :**

4230 61533

**Ferðavinningur frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr 600.000**
**hver vinningur komu á miða númer:**

27354 38128 46281 53577 77402

**Ferðavinningur frá Úrval-Útsýn að verðmæti kr. 300.000**
**hver vinningur komu á miða númer:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 857 | 3419 | 3439 | 4291 | 4331 | 4505 | 4905 |
| 4962 | 5823 | 6694 | 7193 | 7977 | 9047 | 9336 |
| 10099 | 12790 | 13341 | 13741 | 13857 | 13857 | 14261 |
| 16565 | 17046 | 17297 | 17466 | 17753 | 18063 | 18418 |
| 18872 | 18939 | 20476 | 20672 | 22873 | 23852 | 24573 |
| 24941 | 24974 | 25219 | 25709 | 26145 | 29080 | 29793 |
| 30423 | 30603 | 31498 | 31886 | 32004 | 34643 | 35316 |
| 35940 | 36884 | 37008 | 37093 | 37207 | 37474 | 38926 |
| 39973 | 40428 | 41910 | 42284 | 42382 | 44905 | 45045 |
| 46495 | 47141 | 47438 | 47658 | 48358 | 48534 | 49313 |
| 49866 | 50560 | 50605 | 50734 | 51717 | 52518 | 54352 |
| 54658 | 55008 | 58724 | 59935 | 60630 | 62181 | 63303 |
| 65681 | 67090 | 68590 | 72133 | 72452 | 72851 | 74066 |
| 75157 | 75263 | 75806 | 76167 | 77178 | 77474 | 78154 |
| 79465 | 79510 | 79871 | | | | |

Birt án ábyrgðar

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra þakkar landsmönnum veittan stuðning og óskar vinningshöfum til hamingju.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu félagsins að Háaleitisbraut 13, Reykjavík, sími 535-0900. Skrifstofa félagsins er lokuð til 5. janúar 2015.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA


Óvíst hvort stýrivextir lækka frekar fyrr en ástand á vinnumarkaði skýrist:

# Varfærin viðbrögð Seðlabanka

**EFNAHAGSMÁL** Óvíst er hvort færi gefst á frekari lækkun vaxta Seðlabankans fyrr en dregið hefur úr þeirri óvissu sem nú ríkir á vinnumarkaði.

Þetta segir í greinargerð Seðlabankans til fjármála- og efnahagsráðherra. Greinargerðin er skrifuð vegna þess að verðbólga fór undir neðri þolmörk Seðlabankans í desember og stendur nú í 0,8 prósentum.

Seðlabankinn segir að langvarandi verðhjöðnun sé af margvíslegum ástæðum óæskilegt ástand. Í þessu samband verði þó að líta til þriggja þátta sem á þessu stigi kalla á varfærin viðbrögð.

Í fyrsta lagi að verðbólga sé um þessar mundir verulega undir verðbólgumarkmiði fyrst og fremst vegna lækkunar innflutningsverðs.

Í öðru lagi þá sé stutt síðan verðbólguvæntingar mældust í samræmi við verðbólgumarkmiðið og því hafi ekki mikið reynt á kjölfestu þeirra við markmið.

Í þriðja lagi þurfi að horfa til þess óróleika sem gætir á vinnumarkaði og þar sem gæti leitt til þess að verðbólga ykist hratt á ný óháð þróun erlendrar verðbólgu. - jhh



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson hefur sent ráðherra greinargerð vegna verðbólgunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

Skorað á innanríkisráðherra:

## Staðfesti ekki lokun brautar

**SKIPULAGSMÁL** „Teljum við afar brýnt að innanríkisráðuneytið staðfesti við Reykjavíkurborg að ekki liggi fyrir samþykki þess um hugsanlega lokun flugbrautar 06/24 á Reykjavíkurflugvelli,“ segir í bréfi samtakanna Hjartað í Vatnsmýri til Ólafar Nordal innanríkisráðherra.



FRIÐRIK PÁLSSON

Þá vilja samtökin, sem Friðrik Pálsson er í forsvari fyrir, að ráðuneytið hlutist til um að heilbrigðisráðuneytið meti áhrif lokunar brautar 06/24 á sjúkraflug. - gar

Samstarf á sviði skattamála:

## Samningar um tvísköttun í gildi

**STJÓRNSÝSLA** Tveir tvísköttunarsamningar, sem fullgiltir voru á árinu, taka gildi þann 1. janúar 2015. Annar samninganna er endurgerð á samningi við Bretland frá árinu 1991. Hinn samningurinn er við Kýpur og er nýr.

Þá munu tveir upplýsingaskiptasamningar, sem einnig voru fullgiltir á árinu, taka að fullu gildi á nýársdag. Samningarnir eru milli Íslands og Marshall-eyja og Niue. Sá hluti þeirra samninga sem sneri að skattalagabrotum tók gildi þegar þeir voru undirritaðir síðastliðið sumar. - ih

# Brak vélarinnar fundið

Aðeins 20 til 30 metra dýpi er á slysstað í Jövuhafi og auðvelt að sjá til botns. Leit að svarta kassanum, braki og líkum farþega og áhafnar ætti því að geta gengið hratt. Í gær hafði engin niðurstaða fengist um orsök slyssins.



**BRAK ÚR VÉLINNI FUNDIÐ** Dwi Putranto, yfirmaður í indónesíska flughernum, sýnir ferðatösku og annað sem fannst á floti í Jövuhafi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**INDÓNESÍA, AP** Mikill grátur og harmakvein brutust út í gær meðal ættingja farþega indónesísku þotunnar sem fórst á sunnudag þegar tilkynnt var að fundist hefði brak úr vélinni og tugir líka á floti í Jövuhafinu.

Þremur dögum eftir hvarf farþegaþotu flugfélagsins AirAsia varð ljóst að hún hefði farist í hafi í um það bil 160 kílómetra fjarlægð frá eyjunni Borneó. Hún var á leiðinni frá borginni Súrabaja í Indónesíu til Singapúr á sunnudaginn var, og var tæplega hálfnuð þegar hún hrapaði í hafið. Um borð voru 162 manns, farþegar og áhöfn.

Nánast allir farþegarnir voru Indónesíubúar, sem oft gera sér ferð til Singapúr á frídögum.

„Ég veit að vélin hefur farist, en ég get ekki trúað því að bróðir minn og fjölskylda hans séu látin,“ segir Ifan Joko, sem missti sjö ættingja sína, þar af þrjú börn.

Enn var ekki vitað hvað olli hrapi vélarinnar en ljóst að mun auðveldara yrði að finna svarta kassann og annað úr vélinni þarna en malasísku farþegaþotuna sem hvarf sporlaust í mars síðastliðnum. Sú þota er talin hafa hrapað í Suður-Indlandshaf vestur af Ástralíu, þar sem hafdýpið er hundrað sinnum meira en í Jövuhafi.

„Þetta gerir leitina miklu einfaldari,“ segir Eric van Sebille, haffræðingur við háskóla í Sydney í Ástralíu. Dýptin í Jövuhafi er að meðaltali um 40 til 50 metrar, þannig að oft væri hægt að sjá stórt brak á hafsbotni án þess að þurfa dýran leitarbúnað. Brak vélarinnar fannst á stað sem er aðeins tíu kílómetra frá þeim stað þaðan sem síðast bárust merki frá henni. Dýpi þarna er ekki nema 20 til 30 metrar. Töluverður öldugangur gerði þó björgunarfólki erfitt fyrir.

Tony Fernandez, stofnandi og forstjóri lággjaldaflugfélagsins AirAsia, hélt í gær til Súrabaja til að votta aðstandendum hinna látnu samúð sína persónulega: „Ég er leiðtogi þessa fyrirtækis og verð að taka á mig ábyrgðina. Þess vegna er ég hér. Ég ætla ekki að hlaupast á brott undan skyldum mínum,“ sagði hann. gudsteinn@frettabladid.isw

> **Ég er leiðtogi þessa fyrirtækis og verð að taka á mig ábyrgðina. Þess vegna er ég hér. Ég ætla ekki að hlaupast á brott undan skyldum mínum.**
>
> *Tony Fernandez, stofnandi og forstjóri AirAsia.*

### ➜ Flugmannaskortur í Asíu

Í hverri einustu viku framleiða fyrirtæki á borð við Airbus, Boeing, Bombardier og Embraer nærri þrjátíu þotur. Flestar þeirra fara í notkun í Asíuríkjum, þar sem eftirspurn fer hríðvaxandi.

Aukin velmegun hefur breytt lífsháttum margra og fólk leyfir sér ferðalög í meiri mæli en áður. Lággjaldaflugfélög hafa ýtt enn frekar undir eftirspurnina. Aukinni flugumferð fylgir hins vegar aukin hætta. Vandinn er ekki síst sá að asískum flugfélögum hefur gengið illa að finna hæfa flugmenn til að stjórna öllum þessum þotum. Alls eru 1.600 þotur í notkun í ríkjum Suðaustur-Asíu og álíka margar í smíðum fyrir flugfélög þar skráð. Fyrir hverja flugvél þarf að ráða og þjálfa að minnsta kosti tíu til tólf flugmenn.




TAKK FYRIR VIÐTÖKURNAR

Fyrsta starfsár Orku náttúrunnar er senn á enda. Við þökkum viðskiptavinum fyrir góðar viðtökur og frábært samstarf á árinu sem er að líða um leið og við óskum landsmönnum öllum farsældar á komandi ári. Við hlökkum til að bjóða áfram framúrskarandi þjónustu og vöru á samkeppnishæfu verði.

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on ORKA NÁTTÚRUNNAR

Bestu óskir um farsælt

1986 1987 1988 1989 1990 1991 1992 1993
1994 1995 1996 1997 1998 1999
2000 2001 2002 2003
2004 2005 2006
2007 2008
2009 2010
2011 2012
2013 2014

2015

STRAUMUR



**DÝRARI EIGNIR** Meðalupphæð fasteignakaupsamninga 2014 var 32 milljónir króna en var 29 árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kaupsamningum fjölgar:

## 300 milljarðar í fasteignir í ár

**EFNAHAGSMÁL** Um 9.400 kaupsamningum var þinglýst árið 2014 á landinu öllu. Heildarviðskipti með fasteignir námu tæplega 300 milljörðum króna á árinu. Þjóðskrá Íslands greinir frá þessu.

Meðalupphæð á hvern samning var um 32 milljónir króna. Heildarvelta fasteignaviðskipta hefur aukist um tæplega 20 prósent og kaupsamningum fjölgað um tæplega ellefu prósent frá árinu 2013, þegar veltan var rúmlega 250 milljarðar, kaupsamningar 8.475 og meðalupphæð hvers samnings um 29 milljónir. - fbj

**ATVINNULÍF**

### Nýir ritstjórar ráðnir á DV

Stjórn DV ehf. hefur ráðið Kolbrúnu Bergþórsdóttur blaðamann, sem nýverið lét af störfum á menningardeild Morgunblaðsins, og Eggert Skúlason almannatengil sem ritstjóra DV. Hallgrími Thorsteinssyni, ritstjóra blaðsins, hefur verið sagt upp störfum. Þá hefur Hörður Ægisson, viðskiptablaðamaður á Morgunblaðinu, verið ráðinn viðskiptaritstjóri DV. Kolbrún, Eggert og Hörður verða jafnframt ritstjórar vefsins dv.is.

# Efndi 48 áramótaheit af 50

Ragnheiður Stefánsdóttir efndi nærri fimmtíu áramótaheit á árinu. Hún segir mikilvægt að setja sér jákvæð markmið á sviðum sem maður hefur sjálfur áhuga á. Upp úr stóð þegar hún hljóp New York-maraþonið.

**FÓLK** „Þetta varð eitt skemmtilegasta ár sem ég hef nokkurn tímann upplifað,“ segir Ragnheiður Stefánsdóttir, mannauðsráðgjafi hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar sem efndi 48 áramótaheit á árinu.

„Þetta hvatti mig til að taka áskorunum og fara út fyrir þægindarammann. Ég hélt að ég þyrfti að hafa meira fyrir þessu en ég hlakkaði alltaf til að skoða hvert áramótaheit,“ segir Ragnheiður og sem vann í hverri viku við að efna heitin.

Hugmyndin að áramótaheitunum kom rétt fyrir síðustu áramót. „Ég hef alltaf verið að setja mér heit um hver áramót og það hefur ekki alveg virkað. En núna settist ég niður og reyndi að hafa það í huga að gera eitthvað sem mér þótti skemmtilegt,“ segir Ragnheiður sem strengdi í heild fimmtíu áramótaheit. Aðeins tvö þeirra stóðust ekki, að hlaupa Kirkjuhlaupið á annan í jólum og heimsækja Viðey.

Áramótaheitin voru flest einföld á borð við að elda oftar fisk og að flokka myndir í tölvunni. Önnur voru talsvert tímafrekari. „Það verkefni sem mestur tími fór í var að hlaupa New York-maraþonið. Ég var að undirbúa mig með einhverjum hætti fyrir hlaupið á hverjum degi frá maí og fram í nóvember,“ segir Ragnheiður.

Hún segir einnig að mörg heitanna hafi orðið að einhverju stærra en ætlunin var í upphafi. „Að poppa meira minnti mig á að nýta og fara vel með hlutina og vera ekki alltaf að kaupa nýtt,“ segir Ragnheiður.

> **Það verkefni sem mestur tími fór í var að hlaupa New York-maraþonið. Ég var að undirbúa mig með einhverjum hætti fyrir hlaupið á hverjum degi frá maí og fram í nóvember.**
>
> *Ragnheiður Stefánsdóttir, mannauðsráðgjafi.*

Aðspurð hvaða ráð hún gefi fólki sem hafi átt í vandræðum með efna sín áramótaheit segir hún að hver og einn þurfi að hlusta á sjálfan sig en ekki kröfur samfélagsins. „Það þarf að íhuga vel hvort þetta sé virkilega eitthvað sem einstaklingur vill gera. Ef maður grípur eitthvað á lofti eins og að missa fimm kíló eða hlaupa maraþon af því einhver annar gerði það þá eru allar líkur á að það heppnist ekki,“ segir Ragnheiður.

Einnig geti hjálpað til að skrifa heitin niður eða segja öðrum frá þeim. Þá bendir mannauðsráðgjafinn á að mikilvægt sé að setja áramótaheitin ekki upp á neikvæðan máta. „Ekki stilla heitunum upp á neikvæðan máta á borð við að byrja janúar á því að verða að hætta að borða nammi og sykur. Það er dæmt til að mistakast.“

ingvar@frettabladid.is



**STÓÐ VIÐ SITT** Ragnheiður Stefánsdóttir segir mikilvægt að setja áramótaheitin ekki upp á neikvæðan máta. Það sé dæmt til að mistakast. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN




*Við verndum samfélagið og tryggjum ríkinu tekjur*
*Traust - Samvinna - Framsækni*

TOLLSTJÓRI

TOLLSTJÓRI, Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík, sími: 560 0300, vefur: www.tollur.is


SAFFRAN SENDIR
LANDSMÖNNUM ÖLLUM
KÆRAR ÁRAMÓTAKVEÐJUR
Nú getur þú pantað
með Saffran appinu
Lokað 31. des. og 1. jan.
Opið alla aðra daga 11–22
SAFFRAN
Glæsibæ • Bíldshöfða • Dalvegi • N1 Ártúnsbrekku • Bæjarhrauni • Skoðaðu matseðilinn á saffran.is

HELSTU ERLENDU FRÉTTIR ÁRSINS 2014

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

# Ár styrjalda og grimmdarverka

Erlendar fréttir ársins 2014 snerust margar hverjar um grimmdarverk vígasveita Íslamska ríkisins í Sýrlandi og Írak, stjórnarbyltingu og borgarastríð í Úkraínu og árásir ísraelska hersins á Gasa. Lögregluofbeldi gagnvart þeldökkum íbúum Bandaríkjanna vakti ekki síður athygli á árinu, auk þess sem ebóluveiran herjaði grimmt á nokkur lönd í vestanverðri Afríku og skaut Vesturlandabúum skelk í bringu.

## ÚKRAÍNA BORGARASTRÍÐ



**UPPREISN Í KÆNUGARÐI** Svo fór að Janúkóvítsj forseti flúði land, en í framhaldinu hófst uppreisn í austurhluta landsins gegn byltingarstjórninni í Kænugarði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarbylting, innlimun Krímskaga og aðskilnaðarstríð:

### Engin lausn í sjónmáli eftir langvarandi átök

Ólgan í Úkraínu hófst í lok síðasta árs eftir að Viktor Janúkóvítsj, þáverandi forseti, frestaði því að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið. Uppreisn í höfuðborginni og víðar lauk með stjórnarbyltingu. Janúkóvítsj hraktist til Rússlands.

Í framhaldinu hófst ólga í austurhluta landsins, þar sem menn vilja almennt styrkja tengslin við Rússa frekar en Evrópusambandið. Pútín Rússlandsforseti kyndir undir ótta við byltingarstjórnina í Kænugarði, innlimar Krímskaga og lýsir með ýmsum hætti yfir samstöðu með aðskilnaðarsinnum í Dónetsk og Lúhansk.

Samið var um vopnahlé í september, en átök hafa haldið áfram með mislöngum hléum. Pattstaða ríkir, landið er klofið og engin lausn í sjónmáli.

> **Krímskagi … hefur ómetanlegt og jafnvel heilagt gildi fyrir Rússland, rétt eins og musterishæðin í Jerúsalem fyrir áhangendur íslams og gyðingdóms.**
>
> *Vladímír Pútín, Rússlandsforseti.*

**20. FEBRÚAR**
Hörð átök hefjast í Kænugarði, nærri hundrað láta lífið næstu dagana.

**22. FEBRÚAR**
Janúkóvítsj forseti flýr land.

**16. MARS**
Íbúar Krímskaga samþykkja sameiningu við Rússland.

**18. MARS**
Pútín staðfestir lög um innlimun Krímskaga.

**7. APRÍL**
Aðskilnaðarsinnar taka stjórnarbyggingar í austurhluta landsins.

**2. MAÍ**
Eldsvoði í Odessa kostar 42 lífið.

**11. MAÍ**
Aðskilnaðarsinnar í Dónetsk og Lúhansk lýsa yfir sjálfstæði.

**25. MAÍ**
Auðkýfingurinn Petro Porosjenkó kosinn forseti.

**27. JÚNÍ**
ESB undirritar samstarfssamning við Úkraínu.

**17. JÚLÍ**
Malasísk farþegaþota skotin niður yfir austanverðri Úkraínu.

**30. JÚLÍ**
ESB og Bandaríkin tilkynna nýjar refsiaðgerðir gegn Rússlandi.

**5. SEPTEMBER**
Úkraína og uppreisnarmenn undirrita vopnahléssamning.

**26. OKTÓBER**
Þingkosningar í Úkraínu, flokkar hliðhollir Vesturlöndum sigra.

**2.-3. NÓVEMBER**
Aðskilnaðarsinnar kjósa nýja leiðtoga í austurhlutanum.

## BANDARÍKIN LÖGREGLUOFBELDI



**ANDSPÆNIS VOPNUÐUM MÖNNUM** Þeldökkir íbúar í Ferguson ætluðu ekki að láta bjóða sér yfirgang hvítra lögreglumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ítrekað skotið á óvopnaða blökkumenn:

### Upp úr sauð eftir drápið í Ferguson

Hinn átján ára þeldökki piltur Darren Brown var óvopnaður þegar hvítur lögreglumaður varð honum að bana í Ferguson, einu hverfa stórborgarinnar St. Louis. Atvikið varð til þess að upp úr sauð víða í Bandaríkjunum, efnt var til mótmæla nánast daglega svo vikum skipti í helstu borgum landsins. Þeldökkir íbúar höfðu fengið nóg af ofbeldi lögreglu og stjórnvalda í þeirra garð.

Fleiri svipuð dæmi komu upp á árinu og vöktu ekki síður athygli, ekki síst þegar tólf ára drengur, Tamir Rice að nafni, einnig dökkur á hörund, lét lífið í almenningsgarði í Cleveland. Hann hafði verið að veifa leikfangabyssu. Kallað var á lögreglu, sem beið ekki boðanna heldur skaut strákinn örfáum sekúndum eftir að komið var á vettvang.

Enn á ný sauð upp úr í nóvember eftir að ákærukviðdómur sagðist ekki sjá ástæðu til þess að draga lögreglumanninn frá Ferguson fyrir dóm vegna drápsins á Darren Brown.

> **Hundarnir, táragasið. Þetta hefur ekkert skánað.**
>
> *James Cias, 61 árs íbúi í Ferguson sem ólst upp í Suðurríkjunum á tímum borgararéttindabaráttu þeldökkra.*

**17. JÚLÍ**
Eric Garner, 43 ára, lést í New York eftir að lögreglumaður tók hann haustaki.

**5. ÁGÚST**
John Crawford, 22 ára, skotinn í Walmart-verslun skammt frá Dayton, Ohio.

**9. ÁGÚST**
Lögreglumaðurinn Darren Wilson skýtur Michael Brown, 18 ára, í Ferguson, St. Louis.

**10. ÁGÚST**
Fjölmenn mótmæli og óeirðir brjótast út.

**16. ÁGÚST**
Neyðarástandi lýst yfir í Ferguson.

**25. ÁGÚST**
Michael Brown jarðsunginn.

**3. SEPTEMBER**
Neyðarástandi aflétt.

**20. NÓVEMBER**
Akai Gurley, 28 ára, skotinn í Brooklyn, New York.

**22. NÓVEMBER**
Tamir Rice, 12 ára piltur, skotinn til bana í Cleveland, Ohio.

**24. NÓVEMBER**
Ákærukviðdómur ákveður að Wilson verði ekki sóttur til saka. Fjöldamótmæli hefjast á ný.

## EBÓLA ÁTTA ÞÚSUND LÁTNIR



**FRAMANDLEIKI** Heilbrigðisstarfsmaður í vígalegum búningi hjá harmi slegnum íbúum Monróvíu, höfuðborgar Líberíu. NORDICPHOTOS/AFP

Ebóla skaut heimsbyggðinni skelk í bringu:

### Faraldurinn nú á hægu undanhaldi

Ebólufaraldurinn, sem braust út í vestanverðri Afríku fyrir rétt rúmu ári, virðist nú vera á hægu undanhaldi. Verst urðu íbúar í Gíneu, Líberíu og Síerra Leóne úti, en þar eru hundruð manna enn þungt haldin.

Faraldurinn barst alls til átta landa á árinu, þar á meðal til þriggja Vesturlanda, nefnilega Spánar, Bandaríkjanna og nú síðast Englands.

Nærri tuttugu þúsund manns hafa smitast og þar af eru nærri átta þúsund manns látin.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) hefur viðurkennt að allt of seint hafi verið brugðist við. Með markvissari viðbrögðum hefði mátt ráða niðurlögum faraldursins þegar hann var á frumstigi.

**22. MARS**
Gíneustjórn staðfestir að ebólufaraldur hafi brotist út. Nærri 60 manns látnir.

**28. MARS**
Tveir ebólusmitaðir í Líberíu.

**26. MAÍ**
Ebólan komin til Síerra Leóne.

**7. ÁGÚST**
WHO lýsir yfir alþjóðlegu neyðarástandi. Meira en 1.000 látnir.

**27. ÁGÚST**
Læknar án landamæra gagnrýna WHO fyrir ábyrgðarleysi og hægagang í viðbrögðum.

**14. OKTÓBER**
WHO tilkynnir að dánarhlutfall sé komið upp í 70 prósent, nærri 4.500 látnir.

**19.500**
smitaðir, þar af nærri 7.600 látnir. 15.000 manns létust í Gíneu árið 2013 af völdum malaríu.

## SKOTLAND KOSIÐ UM SJÁLFSTÆÐI 18. SEPTEMBER

Skotar tóku í haust afstöðu til eins helsta hitamáls síðustu ára:

### Ekkert varð úr aðskilnaðinum

Skotar skiptust í tvær álíka stórar fylkingar í haust þegar gengið var til atkvæðagreiðslu um það hvort Skotland ætti að segja skilið við Stóra-Bretland og stofna sjálfstætt ríki.

Á síðustu stundu fór þó svo að sambandssinnar höfðu betur þegar talið var upp úr kjörkössunum, með töluverðum yfirburðum.

Skotland verður áfram í ríkjasambandi við England, Wales og Norður-Írland, en hafði stuttu fyrir kosningarnar fengið loforð frá stjórnvöldum í London um meiri völd innan sambandsins.

Enn er þó allt óljóst um efndir þeirra loforða, þótt samningsmarkmið Skota séu farin að taka á sig einhverja mynd.




**ALEX SALMOND** Leiðtogi sjálfstæðissinna bjartsýnn fyrir kosningarnar. NORDICPHOTOS/AFP

> **Við höfum nú tækifæri til þess að þrýsta á stjórnina í Westminster um að efna heit sín um að veita Skotlandi frekari völd í raun. Þetta gefur Skotlandi mjög sterka stöðu.**
>
> *Alex Salmond, í afsagnarræðu sinni 19. september.*



Mjólkursamsalan óskar
landsmönnum árs og friðar

Þökkum viðskiptin á árinu

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Landsvirkjun

# *Gleðilegt afmælisár*

Fyrir 50 árum var lagningu símalína í sveitir nýlokið en enginn hringvegur kringum landið. *Á sjó* var eitt vinsælasta dægurlagið. Þá var markað nýtt upphaf í orkuvinnslu á Íslandi með stofnun Landsvirkjunar þann 1. júlí 1965.

Búrfellsstöð var fyrsta stórframkvæmd fyrirtækisins og stærsta framkvæmd Íslandssögunnar á þeim tíma. Þá, líkt og nú, voru hugsjón, framsækni og skýr sýn á framtíð íslenskrar orku ríkjandi í öllu starfi Landsvirkjunar.

Í tilefni af 50 ára afmæli horfum við fram á veginn og bjóðum þjóðinni að taka þátt í opinni umræðu og viðburðum sem varða sögu og framtíð orkufyrirtækis í eigu íslensku þjóðarinnar.

Taktu þátt í að móta framtíðina með okkur!




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



# HELSTU ERLENDU FRÉTTIR ÁRSINS 2014

▶ Framhald af síðu 12

## SÝRLAND OG ÍRAK ÍSLAMSKA RÍKIÐ



**GRIMMDARVERK** Liðsmenn samtakanna hafa birt nokkur myndbönd með aftökum á vestrænum fréttamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öfgasamtök íslamista hreiðra um sig í Sýrlandi og Írak:

# Höggva mann og annan

Vígasveitir íslamistasamtaka, sem nú nefna sig Íslamska ríkið, hafa á síðustu misserum orðið æ fyrirferðarmeiri á meðal uppreisnarhópa gegn stjórn Assads, forseta í Sýrlandi.

Á þessu ári náðu þær síðan stórum svæðum í Írak á sitt vald, lýstu yfir stofnun kalífadæmis í Sýrlandi og Írak og vöktu athygli og óhug um heim allan fyrir grimmdarverk sín gagnvart bæði föngum sínum og íbúum þeirra svæða sem þær leggja undir sig.

Ungt fólk frá Vesturlöndum hefur flykkst til liðs við samtökin ekki síður en heimamenn. Hersveitir Kúrda og sjía í Írak hafa þó á síðustu vikum ársins náð að stöðva sókn þeirra, og loftárásir Bandaríkjanna hafa þar hjálpað til.

Forsprakki samtakanna er Abu Bakr al Baghdadi. Hann er frá Írak og virðist gera sér vonir um að verða allsherjarleiðtogi múslima í gjörvöllum arabaheiminum – við afar dræmar undirtektir trúbræðra sinna almennt.

> **Og ef einhver ætlar að svíkjast undan merkjum, kljúfið þá höfuð hans með byssukúlum og tæmið innihald þess, hver svo sem hann er.**
>
> *Yfirlýsing Íslamska ríkisins.*

**3. JANÚAR**
ISIS nær Fallujah í Írak á sitt vald.

**1. FEBRÚAR**
Al-kaída slítur tengslum við ISIS.

**29. JÚNÍ**
ISIS lýsir yfir stofnun kalífadæmis.

**3. JÚLÍ**
ISIS nær stóru olíuvinnslusvæði í Sýrlandi á sitt vald.

**3. ÁGÚST**
ISIS nær bænum Sindsjar í Kúrdahéruðum Íraks.

**14. ÁGÚST**
Kúrdar hrekja vígasveitirnar frá Sindsjar-fjalli.

**8. ÁGÚST**
Bandarískar herþotur gera árásir á ISIS í Írak.

**16. SEPTEMBER**
Íslamska ríkið ræðst inn í Kúrdabæinn Kobani í Sýrlandi.

**23. SEPTEMBER**
Bandaríkin hefja loftárásir á ISIS í Sýrlandi.

## PALESTÍNA GASASTRÍÐIÐ



**EYÐILEGGING** Nærri þriðjungur íbúa Gasasvæðisins hraktist frá heimilum sínum. NORDICPHOTOS/AFP

Ísraelar ráðast inn á Gasasvæðið:

# Linnulausar árásir í fimmtíu daga

Ísraelar gerðu árásir á Gasa í fimmtíu daga samfleytt síðastliðið sumar, bæði úr lofti og á landi. Hildarleikurinn hófst stuttu eftir að Hamasliðar höfðu rænt þremur ísraelskum unglingum, sem síðan fundust myrtir.

Árásirnar kostuðu meira en tvö þúsund manns lífið. Meira en hálf milljón manna, nærri þriðjungur allra íbúa Gasasvæðisins, hraktist að heiman. Nærri 20 þúsund heimili voru gjöreyðilögð og nærri 40 þúsund heimili skemmdust.

Meðan á þessu stóð skutu liðsmenn Hamas og annarra smærri samtaka herskárra Palestínumanna um 4.500 sprengiflaugum yfir landamærin til Ísraels. Um fimm þúsund Ísraelar flúðu heimili sín vegna hættu á að einhverjar þessara sprengiflauga yllu tjóni.

Þetta var í þriðja skiptið á sex árum sem Ísraelar efna til allsherjarárása á Gasasvæðið, þar sem nærri tvær milljónir manna búa.

**12. JÚNÍ**
Þremur ísraelskum unglingum rænt í landtökubyggðunum Gush Etsion á Vesturbakkanum.

**30. JÚNÍ**
Lík unglinganna þriggja fundust.

**8. JÚLÍ**
Loftárásir Ísraela hefjast.

**16. JÚLÍ**
Innrás landhersins hefst.

**3. ÁGÚST**
Ísraelski landherinn fer að mestu frá Gasa.

**26. ÁGÚST**
Síðustu loftárásirnar, samkomulag um vopnahlé.

> **Við höfum gefið Hamas ráðningu sem þeir munu minnast árum saman.**
>
> *Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, í sjónvarpsviðtali í lok ágúst.*





Starfsfólk Íbúðalánasjóðs
óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum
gleðilegs árs og farsældar á nýju ári.

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
sími 569 6900, fax 569 6800

Íbúðalánasjóður

# GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

Við hlökkum til að fljúga með WOW gesti á vit ævintýranna á nýju ferðaári og heitum áframhaldandi stundvísi, lágu verði og breiðasta brosinu. Sjáumst fljúgandi hress á nýju ári!



# SKOÐUN

Fólkið sem hefur vald til að ákæra samborgarana:

## Vandmeðfarið vald

Vandmeðfarið er það vald að geta bæði haldið samborgurum sínum í afleitri stöðu svo árum skipti og ákært þá. Þeim okkar sem hafa slíkt vald er mikill vandi á höndum. Með öllu er ólíðandi að misfarið sé með slíkt vald. Á sama tíma er gerð, og verður að vera gerð, ströng krafa um það að sekt fólk sæti refsingu fyrir þau afbrot sem viðkomandi hefur framið. Því er mikilvægt að vel takist til hvað þetta varðar.



**Sigurjón Magnús Egilsson**
sme@frettabladid.is

Á forsíðu Fréttablaðsins í gær var átakanleg frétt. Þar sagði af því að sérstakur saksóknari hefði fellt niður hið svokallaða Sjóvármál, sem flestum var gleymt, en alls ekki öllum. Á meðal okkar er fólk sem kom málalokin ekki á óvart:

„Ég er búinn að búast við þessu lengi en ég hef verið með stöðu grunaðs manns í 65 mánuði," sagði Þór Sigfússon, fyrrverandi forstjóri Sjóvár, í samtali við Fréttablaðið. Það er merkilegt sem Þór sagði, hann var með stöðu grunaðs manns í 65 mánuði. Og það sem meira er: „Ég hef ekki heyrt í neinum frá embættinu í tæp þrjú ár," sagði Þór.

Ef svo væri að þetta mál heyrði til undantekninga væri kannski ekki margt hægt að segja, en svo er því miður ekki. Fleiri mál hafa verið lengi til meðferðar. Frétt gærdagsins varpar kastljósinu hins vegar á Sjóvármálið. Alvarleikinn er sá að einstaklingar hafa mátt þola að vera grunaðir um afbrot í langan, langan tíma og það jafnvel án þess að við þá hafi verið rætt svo árum skiptir. Ætla má að málinu hafi verið haldið til streitu að tilefnislausu. Getur verið að löngu sé ljóst að ekki hafi verið ástæða til að halda því áfram? Og að svo hafi verið í þau tæpu þrjú ár sem ekki var rætt við Þór vegna rannsóknarinnar, en láðst hafi að ljúka málinu? Það er trúlegt. Sé sú raunin er ábyrgð þess sem hafði forræði rannsóknar mikil. Það er ekki leggjandi á nokkurn einstakling að sæta slíkri meðferð, svo árum skiptir. Sjálfsögð mannréttindi hafa verið brotin.

Og það er ekki í þágu nokkurs manns, ekki í nafni nokkurs réttlætis sem slíkt er lagt á fólk. Eitt er óvissan um eigin framtíð og annað er hvernig staðið er að rannsóknum. Það var í júlí 2009 sem sérstakur saksóknari hóf rannsókn á eignarhaldi Milestone í Sjóvá. Farið var inn á heimili grunaðra, símar hleraðir og öðrum þvingunum beitt. Skaði viðkomandi af þessu öllu er mikill og ekki er víst að dugi að biðjast afsökunar. Þetta mál bendir okkur á hversu mikilvægt er að þau okkar sem fá þetta mikla vald í hendurnar gæti sín, vandi vinnu sína, nálgist það fólk sem eitt sinn hefur verið grunað um eitthvað misjafnt af sanngirni og virðingu. Það var ekki gert í þessu máli.

Þau eru orðin mörg málin sem sérstakur saksóknari hefur tapað fyrir dómstólum. Þau mál eru dýr, kosta mikið og ekki síst það fólk sem verður fyrir málssókninni. Þess vegna verður að ætlast til vandaðra og yfirvegaðra vinnubragða. Illa unnin mál og tilefnislítil eða tilefnislaus kunna að draga þróttinn úr embættinu, hugsanlega með þeim afleiðingum að ekki sé eins vel unnið að öðrum málum, og það komi jafnvel í veg fyrir að sök sannist. Það verður að gera betur. Aldrei er hægt að fallast á drátt mála og samskiptaleysi eins og varð í Sjóvármálinu.

„Ég hef ekki heyrt í neinum frá embættinu í tæp þrjú ár," sagði Þór Sigfússon. Þvílík skömm fyrir sérstakan saksóknara.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*



Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Okkar Hillary

Tilkynnt var um nýjan umhverfis- og auðlindaráðherra Framsóknar í gær en við embættinu tekur Sigrún Magnúsdóttir þingmaður, sem með því slær nokkur met. Hún verður elsti Íslendingurinn til að setjast í stól ráðherra. Þá gæti hún orðið elsti ráðherra Íslandssögunnar sitji hún í embætti út kjörtímabilið. Eiginmaður Sigrúnar er Páll Pétursson, fyrrverandi félagsmálaráðherra, og verða þau fyrstu hjónin til að hafa bæði gegnt embætti ráðherra. Þau hjónin verða þannig nokkurn veginn okkar Bill og Hillary Clinton.

### Góður dagur

Forseti Alþingis, Einar K. Guðfinnsson, skrifar grein á vefritið bb.is þar sem hann gerir flutning ríkisstofnana að umfjöllunarefni. Einar furðar sig á því hversu slíkum flutningum er tekið með miklum „svigurmælum og stóryrðum". Einar rifjar upp flutning rannsóknarnefndar sjóslysa sem staðsett var í Stykkishólmi þar til hún var flutt til Reykjavíkur. Engin fjárhagsleg eða fagleg rök hafi mælt með þessum flutningi. Lítið hafi þá heyrst af mótmælum. Það verður góður dagur þegar stjórnmálamenn hætta að nota það sem rök fyrir máli sínu að eitthvað hafi áður verið gert illa og því skuli endilega halda því áfram að gera hlutina illa.



### Ríkisstofnanir í kyrrþey

„Mér finnst ótrúlega skrítið að það séu svona margir upplýsingafulltrúar hjá opinberum stofnunum. Það virðist vera eins og það sé komið eitthvað kapphlaup í gang milli ríkisstofnana og fyrirtækja á almennum markaði um einhverja upplýsingagjöf. Og upplýsa um hvað eiginlega?" spurði Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknar og formaður fjárlaganefndar, á Vísi.is í gær. Hún var líka hissa á að sérstakir upplýsingafulltrúar störfuðu fyrir stofnanir sem eigi að hafa það hlutverk að „starfa í kyrrþey og þjónusta okkur almenning". Í lok viðtals er Vigdís bjartsýn á næsta ár, fjárlaganefnd fylgist vel með hvernig stofnanir ráðstafi fjármagni sínu. Búast má við að fari fjármagn í upplýsingagjöf til almennings verði þær jarðsettar í kyrrþey.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Breytingar á akstursþjónustu fatlaðs fólks

SAMGÖNGUMÁL



**Smári Ólafsson**
sviðsstjóri akstursþjónustu Strætó

Um áramótin verða umtalsverðar breytingar á akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin á svæðinu, utan Kópavogs, hafa gert með sér samkomulag um sameiginlega akstursþjónustu og er Strætó falin umsýsla með rekstrinum en allur akstur verður framkvæmdur af einkaaðilum. Þannig munu allir á höfuðborgarsvæðinu sem þurfa á þjónustunni að halda hafa aðgang að sömu þjónustu óháð því í hvaða sveitarfélagi þeir búa. Strætó hefur annast ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík frá árinu 2001 en fram til þessa hafa sveitarfélög skipulagt sína þjónustu sjálf.

### Aukinn sveigjanleiki og öryggi

Markmiðið með þessum breytingum er að tryggja notendum bæði sveigjanlegri og öruggari þjónustu en áður. Til þess að vinna að því marki munu allir notendur akstursþjónustunnar nú geta pantað sér ferðir með tveggja klukkustunda fyrirvara í stað eins sólarhrings áður auk þess sem þjónustuver Strætó verður opið mun lengur en áður. Þannig verður þjónustan sveigjanlegri fyrir notendur. Einnig er notendum boðið upp á að panta ferðir eftir mætingartíma í stað komutíma. Þá verður bílafloti akstursþjónustunnar endurnýjaður í þeim tilgangi að auka enn frekar öryggi notenda.

### Gott samstarf mikilvægt

Notendur akstursþjónustunnar eru rúmlega tvö þúsund og farnar eru milli sjö og átta þúsund ferðir í hverri viku. Akstursþjónustan er því umfangsmikil og mikilvæg þjónusta sem snertir marga.

Til þess að tryggja að breytingarnar gangi vel fyrir sig leggur Strætó áherslu á að að vanda vel til verka, byggja upp traust og eiga gott samstarf við hagsmunasamtök notenda þjónustunnar. Skipaður hefur verið samráðshópur með fulltrúm frá öllum hagsmunaaðilum. Hlutverk hópsins er að fylgjast með framkvæmd þjónustunnar og fjalla um atriði sem betur mega fara. Strætó fagnar öllum ábendingum um þjónustuna, allar athugasemdir eru skráðar, teknar til skoðunar og svarað.

Strætó hefur annast akstursþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík í rúman áratug með góðum árangri. Við vonumst til að sú reynsla skili sér í framtíðaruppbyggingu á þessari þjónustu á öllu höfuðborgarsvæðinu til hagsbóta fyrir notendur hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



TAKK FYRIR FRÁBÆRT BÓKAÁR!
MEGI NÝJA LESTRARÁRIÐ
FÆRA ÞÉR LJÓÐ, HASAR,
FRÓÐLEIK OG ALLS KONAR
ÆVINTÝRI!
FORLAGIÐ
www.forlagid.is




**Icelandair þakkar samfylgdina á árinu sem er að kveðja**
Okkar bestu óskir um farsælt nýtt ár og við hlökkum til að taka flugið með þér á nýju ári.




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 72228 12/14

Vertu með okkur

ICELANDAIR



**ELDGOSIÐ Í HOLUHRAUNI** Mikil skjálftahrina hófst í Bárðarbungu um miðjan ágúst og lítið hraungos varð í Holuhrauni þann 29. ágúst. Það stóð í fáa klukkutíma og lauk samdægurs, en var forboði meiri tíðinda. Aðfaranótt 31. ágúst hófst öllu stærra gos í Holuhrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN




**LEIÐRÉTTINGIN** Fréttamannafundur um höfuðstólsleiðréttingu verðtryggðra húsnæðislána fór fram í Hörpu í nóvember. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði við þetta tilefni að dagurinn væri gleðistund fyrir heimilin í landinu og fyrir ríkisstjórnina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HUNGURVERKFALL** Afganskur hælisleitandi, Ghasem Mohammadi, fór í tíu daga hungurverkfall en hann hafði þá beðið í tvö ár hér á landi eftir úrskurði um dvalarleyfi. Hann bað um það eitt að mál hans yrði efnislega tekið fyrir. Þegar það var gert byrjaði hann að borða aftur. Máli Mohammadis lauk með því að hann fékk pólitískt hæli á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Eldur og ís

Eldgosið í Holuhrauni hefur kraumað frá því síðsumars og kraumar enn. Fyrr um sumarið logaði eldur í Skeifunni og er óhætt að segja að samfélagsmiðlar hafi einnig logað enda hefur augnablik í Íslandssögunni líklega aldrei verið jafn vel skrásett. Slysadeildir voru yfirfullar af fólki sem hafði runnið á svellinu sem lá yfir borginni síðasta vetur. Ís á Bessastaðatjörn brast undan tólf hrossum sem þar drukknuðu. Skuldaleiðréttingin var kynnt, Hanna Birna sagði af sér, ferðamenn voru rukkaðir og ný borgarstjórn tók við völdum.



**FERÐAMENN RUKKAÐIR** Landeigendur hófu 600 króna gjaldtöku fyrir heimsóknir á hverasvæðið við Geysi í mars. Þeir innheimtu gjald þrátt fyrir að ríkið hefði á þeim tíma höfðað mál vegna gjaldtökunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ÞAU TÓKU VIÐ BORGINNI** Nýr meirihluti borgarstjórnar var kynntur á blaðamannafundi við Rafveituheimilið í Elliðaárdal. Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, mætti á síðustu stundu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM ▶

HARPA

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

# Tímamót í Hörpu
## Sjáumst á nýju ári

Harpa iðaði af lífi í ár sem aldrei fyrr. **1.460.000** gestir heimsóttu húsið og hafa þeir aldrei verið fleiri.

**492** ógleymanlegir listviðburðir voru í húsinu og um **70.000** gestir mættu á **347** lystaukandi ráðstefnur og fundi.

Við reiddum fram **164.267** ljúffengar máltíðir og hellt var upp á **347.861** kaffibolla — sem er hellingur af kaffi.

Varlega áætlað lagði starfsfólk Hörpu **3.147.760** þrep undir fót á árinu og eru þá ótaldar lyftuferðir og salíbunur eftir handriðum.

Við þökkum gestum Hörpu fyrir komuna og hlökkum til að sjá ykkur öll á nýju ári.

Harpa — húsið þitt.



www.harpa.is

Brandenburg




**STÓRBRUNI Í SKEIFUNNI** Allt tiltækt slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út í júlí vegna stórbruna í Skeifunni. Eldurinn átti upptök sín í húsnæði efnalaugarinnar Fannar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**TÓLF HESTAR** Tólf hestar fundust drukknaðir í Bessastaðatjörn rétt fyrir jól. Hestarnir fóru út á ísinn og ísinn lét undan. Þyrla var notuð til að hífa hræin upp úr tjörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GENGUR ÚT ÚR RÁÐUNEYTINU** Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði af sér embætti innanríkisráðherra í nóvember. Með því vildi hún skapa frið um störf ráðuneytisins og hlífa þeim sem lekamálið hafði bitnað illa á. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LIGGUR Á KAFFISTOFUNNI** Guðni Páll Viktorsson var fastur á hjartadeild Landspítalans dögum saman og lá á kaffistofu deildarinnar vegna verkfalls lækna. Vegna verkfallsins vissi hann ekki hvað að sér amaði og hafði ekki farið í nauðsynlegar rannsóknir fjórum dögum eftir að hann var lagður inn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SVELL** Mikið annríki var á bráðamóttöku Landspítalans í janúar vegna slysa í hálkunni. Eina helgina leituðu sjötíu manns sér aðstoðar. Borgin var gagnrýnd harkalega fyrir aðgerðarleysi hvað ruðning, söltun og sandburð varðar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Kabúmm!
Aldrei meira úrval af úrvalsflugeldum.
Troðfullir sölustaðir um allt land.
MAGNAÐIR BARDAGAR!
KAKA ÁRSINS
RISA RAKETTUR!
KRAFTMIKLIR KAPPAR Í ÖLLUM STÆRÐUM
KRAKKA PAKKAR
FRÁBÆRIR FJÖLSKYLDU-PAKKAR 6 STÆRÐIR
Sölustaðir okkar eru opnir til kl. 16 í dag.
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA
www.flugeldar.is
ÖRYGGIS AKADEMÍAN
NOTUM ALLTAF FLUGELDAGLERAUGU
-bæði börn og fullorðnir
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG


Gleðilegt nýtt ár
BLUE LAGOON
ICELAND



# ÁRIÐ 2014 SÉÐ MEÐ AUGUM HALLDÓRS BALDURSSONAR






































# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**VERJUM AUGUN**

**Góð vísa er aldrei of oft kveðin. Notum hlífðargleraugu á gamlárskvöld og horfum öruggum augum inn í nýja árið.**


**VINNUVÉLANÁMSKEIÐ**

Nýtt námskeið hefst 7. janúar

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT




**HAMINGJA** Sigga Kling segir að fólk þurfi að finna hamingjuna og jákvæðnina innra með sér. MYND/VILHELM

# SPENNT FYRIR 2015

**ÁRAMÓT** *Sigríður Kling er litríkur persónuleiki sem sjaldan liggur á skoðunum sínum. Hún horfir til stjarnanna og segist hafa gott næmi fyrir því sem fram undan er. Sigga er bjartsýn á komandi ár og segir margt spennandi eiga eftir að gerast.*

Sigga var ekkert að hika þegar hún var spurð um árið 2015. „Ég hef velt nýju ári mikið fyrir mér. Margir muna kannski eftir heimsendaspá 21. desember 2012 en þá er talið að dagatali Inka eða Maya hafi lokið. Margar kenningar eru uppi um að á þessum degi fyrir tveimur árum hafi lokið ákveðnum myrkum kafla í sögu jarðarinnar. Frá þeim degi hafi opnast á bjartari tíma með minni spillingu og ljótleika en áður þekktist. Ég vil trúa þessu," segir Sigga. „Einnig tel ég mikilvægt að við trúum á það góða, það býr nefnilega inni í okkur. Ef við horfum á allt með neikvæðum augum þokast lítið í betri átt. Ég vil hvetja Íslendinga til að tileinka sér jákvæðara hugarfar á nýju ári. Miðað við að lýðræðið hafi fæðst 17. júní 1944 þá erum við að sigla inn í mjög gott ár. Við þurfum þó að hafa fyrir þessum góðu breytingum vegna þess að ekkert gerist ef við tökum ekki þátt í þeim," segir Sigga og bendir á að það sé gott fyrir alla að finna Pollýönnu í sér.

„Það leynast góðar fréttir í fjölmiðlum en flestir sjá einungis þessar neikvæðu. Þar sem mikið streymi er af neikvæðum fréttum hvaðanæva úr heiminum er stundum gott að líta í eigin barm og skoða hvað maður hefur það í rauninni gott. Það eru svo margir miklu verr staddir," segir Sigga enn fremur. „Það þýðir ekkert að bíða eftir að hamingjan banki upp á með pitsunni. Við þurfum að finna hana inni í okkur og finna kraftinn í lífinu."

Hún segist stundum vakna upp að morgni og sjá varla fram úr deginum. „Ég bið þá lífið að leysa þennan dag á góðan hátt og síðan treysti ég að það gerist. Jákvæð hugsun fleytir manni langt," segir Sigga og rifjar upp ástandið þegar Geir bað Guð að blessa Ísland. „Ég var stödd á Korputorgi og brast í grát yfir hörmungunum sem ættu eftir að dynja yfir okkur. Enginn matur yrði til í búðum, né lyf fyrir þá veiku. Auðvitað var þetta ömurleg stund en horfum til þess sem vel hefur verið gert síðan," segir hún. „Ég er spennt fyrir árinu 2015 og tel að margt muni koma fólki ánægjulega á óvart."

elin@365.is


Styður við náttúrulega kollagen-framleiðslu húðarinnar

natures aid

Kollagen fyrir UNGLEGT og frísklegt útlit!

3ja mánaða skammtur

Inniheldur:
Kollagen
C-vítamín
B2-vítamín
B3-vítamín
Bíótín
Sink
Kopar

Eykur teygjanleika húðarinnar og dregur úr hrukkumyndun og minnkar sýnilegar línur.

Kollagen er einnig talið gott fyrir hár, neglur og liði. Getur minnkað liðverki og endurheimt vöðva

Kollagen er prótein sem líkaminn framleiðir m.a. til að viðhalda slitþoli og teygjanleika húðarinnar. Eftir 25 ára aldur fer kollagen framleiðslan minnkandi og þá byrja fínar línur og hrukkur að myndast í húðinni.

Útsölustaðir: Heilsuhúsið, Lyfjaver, Lyfsalinn, Lifandi markaður, Fjarðarkaup, Apótek Suðurnesja, Blómaval,Lyf og heilsa, Gamla apótekið, Apótekarinn og Skipholtsapótek.

www.gengurvel.is



**ÞÉTTUR HÓPUR** Starfsmenn InExchange á Íslandi.

# RAFRÆNIR REIKNINGAR ÞURFA EKKI AÐ VERA DÝRIR

**INEXCHANGE Á ÍSLANDI KYNNIR** *Þúsundir fyrirtækja nota í dag lausnir InExchange; allt frá einyrkjum upp í stærstu fyrirtæki landsins. Lausnir fyrirtækisins hafa hlotið fjölda viðurkenninga enda þykja þær bæði traustar og ódýrar. Ríkið og Reykjavíkurborg taka einungis á móti rafrænum reikningum frá og með 15. janúar 2015.*

InExchange á Íslandi var stofnað í apríl 2008 með það markmið í huga að gera rafræn viðskipti að raunhæfum kosti fyrir öll fyrirtæki, óháð stærð þeirra og atvinnugrein. Árangurinn hefur svo sannarlega verið frábær því þúsundir fyrirtækja nota í dag lausnir InExchange; allt frá einyrkjum upp í stærstu fyrirtæki landsins. Að sögn Guðmundar Á. Guðmundssonar, sölu- og þjónustustjóra fyrirtækisins, hefur það hlotið fjölda viðurkenninga fyrir lausnir sínar sem þykja bæði traustar og ódýrar. „Ríkið og Reykjavíkurborg hafa lýst því yfir að upp úr áramótum verði einungis tekið við reikningum á rafrænu formi og við höfum fengið fjölda fyrirspurna frá birgjum sem hafa áhyggjur af því að þetta muni hafa aukinn kostnað í för með sér fyrir þá. Það þarf síður en svo að vera raunin. Meðal lausna okkar má nefna vefsölukerfi InExchange, eReikningaprentara InExchange og beintengingu InExchange við bókhaldskerfi fyrirtækja.

Þessar lausnir henta öllum stærðum fyrirtækja enda hafa þær fengið mjög góðar undirtektir hjá viðskiptavinum okkar.“

**FRÍTT VEFSÖLUKERFI**

InExchange býður upp á frítt sölukerfi á vefnum fyrir einyrkja og smærri fyrirtæki. „Notendur geta notað sölukerfi InExchange sér að kostnaðarlausu fyrir allt að 100 reikninga á ári og sent þá með rafrænum hætti og sem PDF-skjal í tölvupósti. Sé reikningafjöldinn meiri en það á ári getur notandinn keypt áskrift að sölukerfinu á aðeins 990 kr. á mánuði auk þess sem 20 kr. bætast við fyrir hvern sendan reikning eða viðhengi óháð stærð.“

**eREIKNINGAPRENTARI**

eReikningaprentarinn sem InExchange býður fyrirtækjum upp á virkar eins og hefðbundinn prentari að sögn Guðmundar en í stað þess að reikningurinn prentist á pappír eru prentupplýsingarnar sendar til InExchange. „Við breytum prentupplýsingunum í rafrænan XML-reikning og sendum hann til móttakandans á því rafræna formi sem hann getur tekið við. Þannig geta viðskiptavinir okkar sent rafræna reikninga á afar einfaldan hátt til allra sem á móti slíkum reikningum taka sem og notað hann til að senda PDF-reikninga í tölvupósti og prentað út og sent í pappírspósti.“

Þjónustuver InExchange aðstoðar við uppsetningu, kennslu og sendingu fyrstu reikninga fyrir viðskiptavini. Kostnaðurinn við eReikningaprentarann er 1.990 kr. þjónustugjald á mánuði auk þess sem 20 kr. bætast við hvern sendan reikning eða viðhengi óháð stærð.



**ÁVALLT REIÐUBÚINN** Það er í nógu að snúast hjá Guðmundi Á. Guðmundssyni, sölu- og þjónustustjóra InExchange á Íslandi. MYNDIR/GVA

**BEINTENGING VIÐ BÓKHALDSKERFI**
Ef bókhaldskerfi fyrirtækis getur nú þegar búið til rafræna reikninga er hægt að beintengja kerfið við skeytamiðlun InExchange á afar einfaldan hátt að sögn Guðmundar. „Fyrirtæki þurfa ekki að hafa áhyggjur af því hvaða form eða staðal móttakandinn notar. Við sjáum um að koma reikningum til skila rétta leið. Þannig geta viðskiptavinir okkar sent alla reikninga til okkar og við komum þeim til skila á því formi sem móttakandinn vill; með rafrænum hætti, sem PDF í tölvupósti eða með prentþjónustu okkar, og þannig komið reikningum til móttakanda á pappír í bréfpósti á ódýran og einfaldan hátt.“

InExchange á gott samstarf við framleiðendur og þjónustuaðila fjölmargra viðskiptakerfa og má þar nefna kerfi á borð við Dynamics Nav, Dynamics Ax, Stólpa, Agresso, SAP, Orra (fjárhagsbókhald ríkisins), Reglu, notando.is, Vigor og mörg fleiri. „InExchange á ekki í beinu samstarfi við DK Hugbúnað en notendur DK geta engu að síður sent rafræna reikninga á ódýran og auðveldan hátt með eReikningaprentaranum. InExchange og móðurfélagið Miracle nota til dæmis bæði viðskiptahugbúnað frá DK og sendum við alla okkar reikninga með eReikningaprentaranum.“

Kostnaður við beintengingu viðskiptakerfis er frá 1.990 kr. á mánuði auk 20 kr. gjalds fyrir sendan eða móttekinn reikning eða viðhengi óháð stærð. „Með mánaðarlegu þjónustugjaldi fær viðskiptavinur InExchange alla grunnþjónustu í þjónustuveri okkar. Viðskiptavinir okkar geta einnig sleppt því að greiða mánaðarlega þjónustugjaldið og greitt þess í stað tímagjald þegar eitthvað bjátar á. Reynslan hefur hins vegar sýnt að það margborgar sig að vera með fast þjónustugjald.“

**MIKIL ÚTBREIÐSLA**
Guðmundur segir að InExchange sé með stærsta net notenda rafrænna reikninga á Íslandi og því mestar líkur á að viðskiptavinir nýrra notenda séu nú þegar tengdir fyrirtækjaneti félagsins. „Þó svo að móttakandi rafrænna reikninga sé tengdur öðrum skeytamiðlara en InExchange er ekkert mál að senda reikninga áfram því kerfin okkar sjá um að koma þeim til skila,“ segir Guðmundur. Hins vegar býður InExchange viðskiptavinum sínum upp á fjölbreytta viðbótarþjónustu sem er einungis aðgengileg þeim sem eru tengdir fyrirtækjaneti InExchange. Þar má nefna meðal annars tilvísanaeftirlit og kostnaðarstaðaeftirlit.

Í fyrirtækjaneti InExchange eru nærri 2.000 íslensk fyrirtæki og auk þeirra tengjast einnig ríkið, Reykjavíkurborg og flestöll sveitarfélög landsins netinu.

**ÖFLUGUR INNRI VEFUR**
Allir viðskiptavinir InExchange fá auk þess aðgang að innri vef fyrirtækisins þar sem meðal annars má fylgjast með öllum sendum og mótteknum reikningum, fylgjast með skráningu nýrra notenda auk margra annarra þátta. „Við rekum auk þess öflugt þjónustuver fyrir viðskiptavini okkar sem er opið alla virka daga milli kl. 9 og 17. Þar fá viðskiptavinir okkar úrlausn sinna mála hratt og örugglega enda er starfsfólk okkar þekkt fyrir kurteisi og ríka þjónustulund.“



**FUNDAÐ REGLULEGA** Símafundur með systurfélaginu, InExchange í Svíþjóð.


**MÁLIN LEYST** Rýnt í mál á þjónustuborðinu.


**STUND MILLI STRÍÐA** Stundum gefst starfsmönnum tækifæri til að líta upp frá skjánum og bregða á leik.

**FYRIRTÆKI ÁRSINS**
InExchange á Íslandi er í eigu Miracle og InExchange AB í Svíþjóð. „Miracle var valið fyrirtæki ársins 2013 og 2014 í árlegri könnun VR og starfsmanna á almennum vinnumarkaði. Auk þess fékk Miracle viðurkenningu sem Framúrskarandi fyrirtæki árin 2012-2014 hjá Credit-Info en aðeins ríflega 1% skráðra hlutafélaga uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá slíka viðurkenningu.“

Matsfyrirtækið Soliditet gaf nýlega InExchange AB í Svíþjóð hæstu einkunn, AAA, fyrir fjárhagslegan styrk og greiðslugetu. Eitt af skilyrðum fyrir slíkri einkunn hjá Soliditet er að fyrirtækið hafi verið í rekstri í tíu ár en góð staða InExchange AB skilaði hæstu einkunn þrátt fyrir að fyrirtækið sé eingöngu sex ára gamalt.

„Það er því ekki ástæða til annars en að líta björtum augum til framtíðarinnar fyrir InExchange og þá fjölmörgu samstarfsaðila okkar sem treysta á þjónustu okkar.“

Allar nánari upplýsingar um InExchange á Íslandi og fjölbreyttar lausnir þess má finna á www.inexchange.is.

# Umsagnir ánægðra viðskiptavina

## HS Veitur
Við höfum notað eReikningaprentara InExchange frá því í október 2010 með mjög góðum árangri. Innleiðingin tók stuttan tíma og kostnaðurinn aðeins nokkur þúsund krónur. Í dag sendum við þúsundir reikninga með eReikningaprentara InExchange. Í þau fáu skipti sem eitthvað bjátar á leysir þjónustuver þeirra málin strax.

***Jónas Dagur Jónasson, HS Veitur***

## Stífluþjónustan
Við höfum notað vefsölukerfi InExchange síðan í apríl 2011. Með þessu kerfi gerum við alla okkar reikninga og sendum þá rafrænt. Við notfærum okkur einnig þann möguleika að senda reikninga sem PDF í tölvupósti eða prenta þá út og senda í pósti. Þetta sölukerfi reynist okkur frábærlega og þjónusta InExchange er alveg til fyrirmyndar.

***Þorsteinn Garðarsson, Stífluþjónustan ehf.***

## Eignarhaldsfélagið Hornsteinn
Við sendum og tökum á móti reikningum með InExchange fyrir félögin okkar; BM Vallá ehf., Sementsverksmiðjuna ehf. og Björgun ehf. Með móttökunni sparast mikill tími í fjármáladeildinni og starfsfólk getur sinnt öðrum verkefnum betur. Með sendingunni spörum við töluvert í pappír og póstburðargjöldum. Frábært hvernig InExchange getur tengt þetta allt saman fyrir okkur og gefið notendum aðgang að öllum félögum okkar.

***Elsa Hrönn Sveinsdóttir, aðalbókari, Eignarhaldsfélagið Hornsteinar.***

## Ísey.is ehf.
Við erum með DK bókhaldskerfi og notum eReikningaprentara InExchange til að senda rafræna reikninga. Við sendum mikinn fjölda reikninga til flestallra skóla landsins vandræðalaust og greiðum einungis 1.990 krónur í þjónustugjald á mánuði fyrir toppþjónustu. Frábært að leita til þeirra og aldrei rukkað fyrir þjónustusímtöl, nokkuð sem ég hef ekki kynnst áður. Ég gef þjónustu þeirra hæstu einkunn.

***Sigurbjörg Ingólfsdóttir, Ísey.is ehf.***

# GAMLÁRSPARTÍ

**ÁRAMÓTADRYKKIR** *Gamla árið er jafnan kvatt með góðum mat og guðaveigum. Við tíndum saman nokkrar uppskriftir að frískandi áramótakokteilum til að fylla klingjandi glösin.*

### 1. FREYÐANDI KIRSUBERJAKOKTEILL

60 ml kirsuberjalíkjör
15 ml límónusafi
Kolsýrt vatn

Fylltu kokteilhristarann af klaka. Hellið límónusafanum og kirsuberjalíkjörnum yfir og hristið vel. Setjið ísmola í hátt glas og síið blönduna í glasið og fyllið svo með kolsýrða vatninu. Hrærið saman og skreytið með kirsuberi. Þessi er afar sætur og mjög sterkur.

### 2. GAMALDAGS VISKÍKOKTEILL

60 ml viskí
20 ml límónusafi
15 ml sykursíróp
1 tsk. grenadínsíróp

Hristið allt saman í kokteilhristara með klaka. Fyllið glas að þremur fjórðu með muldum klaka og síið blönduna í glasið. Skreytið með appelsínuberki.

### 3. MARTINI OG GIN

Sletta af þurru vermút
60 ml þurrt gin

Hellið smávegis af vermút í kalt glas. Hrærið ginið í kokteilhristara fullum af klaka og síið það svo í glasið. Berið fram með ólífu eða límónusneið. Einnig má hræra bæði vermútið og ginið í einu í klakafylltum hristara og sía blönduna svo í glasið. Ef ykkur finnst drykkurinn of þurr má bæta við vermút.

### 4. ÓÁFENGT LÍMÓNAÐI SEM FER VEL Í GLASI

100 gr ávaxtasykur
Safi úr 4 límónum
Klaki
Mynta
1 l kolsýrt vatn

Blandið sykrinum og límónusafanum í könnu. Setjið klakann út í, hellið kolsýrða vatninu yfir og hrærið. Setjið klaka og myntu í glösin og skreytið með límónusneið.

Uppskriftirnar eru fengnar af www.mixthatdrink.com og www.bbc.co.uk



**SKÁL** Á áramótum er tilefni til að skála í góðum drykkjum.
















7 daga heilsunámskeið dagana 11.–18. janúar 2015

**Komdu með!**

Hressandi námskeið fyrir þá sem vilja koma sér af stað, setja sér markmið varðandi hreyfingu og mataræði og huga að andlegri líðan.

Á námskeiðinu lærum við að bera ábyrgð á eigin heilsu með því að huga að mataræði, reglulegri hreyfingu, streitu og andlegri heilsu. Á námskeiðinu er lögð áhersla á hressilega hreyfingu, hollt mataræði, fræðslu, slökun og útivist í fallegu umhverfi. Farið verður í markmiðasetningu í heilsueflingu og mikilvægi þess að horfa lengra fram í tímann.

Verð pr. einstakling með gistingu er 145.000 kr. í einbýli en 135.000 kr. í tvíbýli. 70.000 kr. án gistingar.

Nánari upplýsingar og skráning á heilsustofnun.is eða í síma 483 0300.

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

*– berum ábyrgð á eigin heilsu*



# Femarelle®

**Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa**

*Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára -*
*vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.*
*Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)*
*Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.*




*„Léttara skap og betri svefn“*
**-Bryndís Guðmundsóttir**

*„Allt annað líf og betri svefn“*
**-Soffía Káradóttir**

*„Femarelle bjargaði líðan minni“*
**-Valgerður Kummer Erlingsdóttir**

*„Laus við verkjalyfin - þvílíkur munur“*
**-Kolbrún Jóhannsdóttir**

## BÍLAR & FARARTÆKI

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝJIR DODGE RAM 3500**

Nýtt útlit og flottari innrétting, Dísel, Komdu og kynntu þér málið, erum að taka niður pantanir, Verð frá 9.350þkr m/VSK, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ ML 250 bluetec 4matic. Árgerð 2013, ekinn 11 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.750.000. Rnr.990899.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 48 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.990.000. Rnr.991061. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



Kia Sorento EX Lluxury. Árgerð 2012, ekinn 88 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.190.000. Rnr.991055. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ GL 550 4matic. Árgerð 2007, ekinn 35 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 8.790.000. Rnr.990949.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

100bilar.is bílasala



Renault Megane 6/2014, ek 20 þkm, beinsk, dísel ásett verð er 2990 þús, er á staðnum, raðnr 151506

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Fjórhjól




### Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tökum að okkur drenlagnir, hellulagnir og aðra jarðvinnu. Einnig snjómokstur Grjótavík ehf. Uppl. í s. 893 0173

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM Í FLUGSKÓLA ÍSLANDS - HEFST 12. JANÚAR**

Láttu drauminn rætast! Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. Kvöldskóli - nám með vinnu. - Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Skráðu þig núna! Skráning á www.flugskoli.is.

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 47.500 á mán. Rent a room price from 47.500 kr. per month.

**gsm 777 1315**
**leiga@leiguherbergi.is**

Stúdíóíbúð til leigu í 107 RVK. Leiga 100 þús m/hita,rafm,hússj. S. 693 4500

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**

óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar og talar íslensku.

Okkur vantar líka 1-2 starfsmenn með reynslu af matreiðslu og tala íslensku.

Möguleiki á 100% vinnu.

Umsóknarfrestur er til 3 janúar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir berist til 10dropar@gmail.com**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

### tilkynningar

**AUGLÝSING UM LÝSINGU AÐALSKIPULAGSGERÐAR**

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 4.desember 2014 tillögu að lýsingu gerðar Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 í samræmi við 1.mgr. 30.gr. Skipulagslaga nr 123/2010.

Í samræmi við 1.mgr. 30.gr. Skipulagslaga nr 123/2010 og gr. 4.2.4. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er lýsingin nú kynnt almenningi. Frestur til að skila inn ábendingum vegna lýsingarinnar er til 17.febrúar 2015. Senda skal ábendingar til skipulagsstjóra Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.

Lýsingin er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar að Garðatorgi 7.

Almennur kynningarfundur verður haldinn í Flataskóla miðvikudaginn 14. janúar 2015 og hefst hann klukkan 17:30. Þar verður lýsingin og innihald hennar kynnt almenningi.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**Skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið


**Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi**

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**DÆLUR - sem bjarga málinu ef flæðir**

Frábært verð

Önnur dælan magndælir og hin dælan hreinsar upp.

Öflugir bjargvættir þegar fer að hlána!

ÁSAFL Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

---

ART & TEXT

Sandblásturfilmur
Vegglímmiðar
Merkjum púða (ljósmynd/texti)
Prentun - Merkingar
og ýmislegt fleira fyrir þitt heimili.

www.artogtext.is

Básbryggju 15 • 110 RVK • S. 862 5564 • artogtext@artogtext.is

---

XPRENT - hönnun og merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS

...og margt fleira

Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

---

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

---

**VARAHLUTIR**

**Iveco • Benz • Man • Renault**

*Varahlutaþjónusta*

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

---

**Iveco**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

---

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**

alhliða bílaviðgerðir

Tímapantanir s: 445 4540/697 4540

viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

---

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist

---

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

---

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

---

# Skrifstofuhúsnæði til leigu







Um 680 fermetra skrifstofuhúsnæði í Grímsbæ til leigu í lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma 696-9420.











## fasteignir

Stakfell

FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1984

STAKFELL.IS | 535 1000 | GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

LÖGGILTIR FASTEIGNASALAR: Aðalheiður Karlsdóttir | Berta Bernburg | Grétar Haraldsson

### GOTT TÆKIFÆRI - BYGGINGARLÓÐ Í 101 FYRIR ATVINNUHÚSNÆÐI

Vel staðsett byggingarlóð fyrir 2.200 fm. atvinnuhúsnæði, samþykktar teikningar með greiddum gatnagerðargjöldum fylgja.

**Allar nánari upplýsingar gefur, Þorlákur Ómar Einarsson hjá Stakfell í síma 820-2399.**

SKÚLATÚNI 2 | 105 RVK | stakfell@stakfell.is

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

SPÖNGIN 11



Starfsfólk Fasteignamiðlunar Grafarvogs óskar ykkur gleðilegs árs 2015 og þakkar kærlega fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



**Sigurður Nathan Jóhannesson**
sölumaður
S. 868-4687



**Daníel Fogle**
sölumaður
S. 663-6694



**Sigrún Stella Einarsdóttir**
löggiltur fasteignasali
S. 824-0610

Sími 575 8585 | FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI | www.fmg.is

## atvinna

Skaftárhreppur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), með stuðningi Byggðastofnunar, auglýsa eftir verkefnisstjóra til 3ja ára til að vinna í verkefninu „Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar". Verkefnið er að fylgja eftir ákvörðunum verkefnisstjórnar til eflingar byggðar og mannlífs í Skaftárhreppi og vinna þannig náið með sveitarstjórn Skaftárhrepps, starfsmönnum og stjórn SASS, Byggðastofnun og íbúum Skaftárhrepps.

### Verkefnisstjóri til 3ja ára í verkefnið „Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar", sem er samstarfsverkefni Byggðastofnunar/Skaftárhrepps/SASS

**Hæfniskröfur:**
- Almenn menntun, sem nýtist í starfinu. Háskólamenntun er kostur.
- Haldbær starfsreynsla er mikilvæg.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Góð tölvufærni.
- Þekking, skilningur og reynsla af byggðamálum mikilvæg.
- Frumkvæði, jákvæðni, sjálfstæð vinnubrögð og gott samstarf eru mikilvæg.

**Helstu verkefni :**
- Fylgja eftir ákvörðunum verkefnisstjórnar og áherslum íbúaþings
- Hafa frumkvæði að nýjum verkefnum
- Upplýsingar og skýrslugerð til íbúa og samstarfaðila
- Íbúafundir og þátttaka í samfélagsverkefnum í sveitarfélaginu
- Fylgja eftir stjórnsýsluákvörðunum

Verkefnisstjórinn hefur búsetu og starfsaðstöðu á Kirkjubæjarklaustri og þarf að geta hafið störf sem fyrst á árinu 2015.
Uppýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Byggðastofnunar (www.byggdastofnun.is).

**Nánari upplýsingar um starfið, laun, starfskjör og starfsaðstöðu veita :**
Eygló Kristjánsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps (sveitarstjori@klaustur.is ; s: 487 4840 / 893 5940) og
Þórarinn Egill Sveinsson verkefnisstjóri SASS (thorarinn@sudurland.is ; s: 480 8200 / 898 0399)

Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið : thorarinn@sudurland.is merkt : Skaftárhreppur til framtíðar.
**Umsóknarfrestur er til 15. Janúar 2015.**

SASS | SKAFTÁRHREPPUR | BYGGÐASTOFNUN

Eignasala.is

FASTEIGNASALA • FYRIRTÆKJASALA • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA

### Bragavellir – Einbýli



Stórglæsilegt 5 herbergja einbýlishús á Bragavöllum í Keflavík. Húsið er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er andyri, hol, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús, gesta salerni og vinnustofa. Á efri hæð er fjölskyldurými, baðherbergi sjónvarpsherbergi, þrjú barnaherbergi og stórt og fallegt hjónaherbergi.
**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

**Eignasala.is • Sími: 420-6070**
**Júlíus M. Steinþórsson og Reynir Ólafsson löggiltir fasteignasalar**

## útboð

### Auglýsing um útboð á rekstri tjaldsvæðis í Grindavík

Grindavíkurbær auglýsir til leigu aðstöðu og rekstur tjaldsvæðis í Grindavík í fjögur ár, eða frá 1. apríl 2015. Gert er ráð fyrir að leigutaki taki við aðstöðunni og sjái um allan daglegan rekstur svæðisins og umhirðu að hluta, ásamt markaðssetningu þess. Ætlast er til að bjóðendur kynni sér vel allar aðstæður á staðnum. Boðið er upp á vettvangsskoðun mánudaginn 5. janúar desember kl. 13:00.

**Tilboðsfrestur er til kl. 11.00, mánudaginn 19. janúar 2015.**

**Nánari upplýsingar um útboðið er á heimasíðu Grindavíkurbæjar; www.grindavik.is**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

### Krókháls – Til leigu

350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði



- Leiguhúsnæði Krókhálsi 6, 3. hæð.
- 350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði.
- Laust til leigu strax.
- Nýuppgert.
- Tölvuert til af skrifborðum sem geta fylgt með.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma: 696-9420.

### Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent




eva

Laugavegi 26 | s.512 1715 | ntc.is | facebook/ verslunin.eva | Instagram/ verslunineva


SAMFÉLAGIÐ EHF
VAR ÞÉR LÍKA SAGT UPP?


ÞÁ ER ÞAÐ DÚXINN Í ÁR. MEÐ HVORKI MEIRA NÉ MINNA EN 16,4 MILLJÓNIR Í NÁMSSKULDIR, VERÐTRYGGÐAR Á VÖXTUM + LÁNTÖKUGJALD OG EKKI NEMA 8,7% LÍKUR Á AÐ FÁ STARF Í SÍNU FAGI. — TIL HAMINGJU!


HA? HVAÐ HÉLDUÐ ÞIÐ AÐ ÉG VÆRI AÐ TALA UM?


BANNAÐ AÐ GEFA ÖNDUNUM BRAUÐ
HANN VIRKAÐI SVO MIKLU MEIRA NÆS Í SJÓNVARPINU.


Í ÁR VERÐA 6 ÁR SÍÐAN „NEI ÞAÐ BÝÐUR EKKERT AÐ TAKA UPP EVRU, ÞAÐ GÆTI TEKIÐ 5-10 ÁR!“ HÖFTIN VORU SETT Á.
SEÐLABANKI ÍSLANDS
FJÁRMÁLA-RÁÐUNEYTIÐ


BJARNI, ÞÚ GERIR ÞÉR GREIN FYRIR ÞVÍ AÐ ÞAÐ ER BARA Í TILEFNI DAGSINS AÐ ÞÚ MÁTT KALLA MIG SNÚÐ. Á MORGUN ÁVARPAR ÞÚ MIG AFTUR: „HVAÐ GERUM VIÐ NÆST HÆSTVIRTUR FORSÆTISRÁÐHERRA“




MATARSKATTAR HÆKKAÐIR OG SKULDA-LEIÐRÉTTINGAR ÚR RÍKISSJÓÐI! VIÐ SEM KUSUM ÞIG AF ÞVÍ ÞÚ SAGÐIST VERA HRÓI HÖTTUR!
YKKUR HEFUR EITTHVAÐ MISHEYRST




AF HVERJU ÆTTIRÐU AÐ VILJA KOMAST Í EVRÓPUSAMBANDIÐ? ÞETTA SKÍÐAHÓTEL ER FULLKOMIÐ FYRIR ÞIG.


MANGE TAKK FYRIR ALLA LÆKNANA OG HJÚKKURNAR. HILSEN FRA NORGE.


HÖFUÐSTÓLSLÆKKUNIN

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



Kæru landsmenn

# GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

Starfsfólk Bónus

# OPIÐ

## GAMLÁRSDAG

31.DESEMBER

**10:00-15:00**

## OPNUNARTÍMI 2015

**LOKAÐ** nýársdag 1. janúar

2.janúar **OPIÐ** 10:00 -19:30

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# AFGREIÐSLUTÍMAR UM ÁRAMÓTIN

## LÆKNISÞJÓNUSTA NEYÐARLÍNAN RAUÐI KROSSINN KVENNAATHVARF

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítalans í Fossvogi**
Opið allan sólarhringinn alla daga.
**Aðalsímanúmer** Landspítala er 543-1000.
**Bein lína á bráðamóttökuna í Fossvogi** 543-2000. Aðeins í neyðartilvikum.

**Læknavakt heilsugæslunnar**
**Opið kl. 8-23.30** allar helgar og helgidaga.
**Vitjanasími** 1770 (opinn allan sólarhringinn alla daga).

**Neyðarlínan 112**
**Neyðarsími neyðarlínunnar** er opinn allan sólarhringinn yfir áramótin og svarar fyrir lögreglu, slökkvi- og sjúkralið um land allt.

**Rauði krossinn**
**Hjálparsími** Rauða krossins **1717** er opinn allan sólarhringinn.

**Stígamót**
Stígamót eru lokuð yfir áramótin. Fólki er bent á **Bráðamóttöku** og **Kvennaathvarfið**.

**Kvennaathvarfið**
**Opið** allan sólarhringinn, alla daga.
**Símanúmer** 561-1205.

**SÁÁ Göngudeild**
Lokað gamlársdag og nýársdag.
**Unglingasími SÁÁ**, 824-7666, er opinn allan sólarhringinn.

Bent er á **bráðamóttöku** í neyðartilfellum.

**Tannlæknar**
Fólki er bent á slysa- og bráðamóttöku sé um alvarleg slys að ræða. Eftirtaldar tannlæknastofur eru þó opnar um áramótin.

**Gamlársdagur**
Opið hjá Olgu Hrönn Jónsdóttur kl. 8-12.
Símanúmer **561-3130**.

**Nýársdagur**
Opið hjá Þóri Hannessyni kl. 12-14.
Símanúmer **564-2425**.

## APÓTEK

**Lyfja**
Sé afgreiðsludagur ekki tilgreindur er hann lokaður á þeim degi.

**Gamlársdagur**
**Opið kl. 8-18**: Lágmúli og Smáratorg
**Opið kl. 9-12**: Keflavík, Laugavegur og Selfoss
**Opið kl. 10-13**: Smáralind
**Opið kl. 10-12**: Blönduós, Borgarnes, Egilsstaðir, Eskifjörður, Grindavík, Húsavík, Höfn, Ísafjörður, Neskaupstaður, Nýbýlavegur, Reyðarfjörður, Sauðárkrókur
**Nýársdagur**
**Opið kl. 9-24**: Smáratorg.
**Opið kl. 10-24**: Lágmúli.

**Árbæjarapótek**
**Opið kl. 9-12** á **gamlársdag**.
**Lokað nýársdag**.

**Lyfjaval**
**Gamlársdag**
**Opið kl. 9-12**: Álftamýri, Mjódd og Keflavík (Apótek Suðurnesja).

**Opið kl. 10-14**:
Bílapótek Hæðasmára.
**Lokað nýársdag**.

**Lyfjaver**
**Opið kl. 8.30-12 gamlársdag**.
**Lokað nýársdag**.

## SAMGÖNGUR SUNDLAUGAR STÓRMARKAÐIR SÖFN

**STRÆTÓ**
Ekið samkvæmt laugardagsáætlun á **gamlársdag**. Vagnar hætta akstri upp úr klukkan 14.00. **Enginn akstur** á **nýársdegi**. Nánari upplýsingar á straeto.is.

**SUNDLAUGAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
**Gamlársdagur**
**Opið kl. 6.30-11**: Ásvallalaug, Sundhöll Hafnarfjarðar, Suðurbæjarlaug
**Opið kl. 6.30-11.30**: Álftaneslaug, Ásgarðslaug.
**Opið kl. 8-12**: Kópavogslaug, Lágafellslaug, Sundlaugin Versölum.
**Opið kl. 9.00-12**: Varmárlaug.
**Opið kl. 10.00-12.30**: Klébergslaug.
**Opið kl. 8.00-12.30**: Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug, Klébergslaug, Laugardalslaug, Sundhöllin, Vesturbæjarlaug.
**Nýársdagur**
**Opið kl. 12.00-18.00**: Laugardalslaug.
**Opið kl. 11.00-15.00**: Ylströndin Nauthólsvík.

**STÓRMARKAÐIR**
**Hagkaup**
**Gamlársdagur**
**Opið kl. 10-14**: Njarðvík, Borgarnes, Selfoss.
**Opið kl. 10-15**: Smáralind, Kringlan, Akureyri, Spöngin, Holtagarðar.
**Opið kl. 0.00-18** Skeifan, Eiðistorg, Garðabær.
**Nýársdagur**
Verslanir í Skeifunni, Eiðistorgi og Garðabæ **opna kl. 11**.
Aðrar verslanir eru lokaðar.
**Bónus**
**Gamlársdagur**
**Opið kl. 10.00-15**.
**Lokað nýársdag**.

**Nóatún**
**Gamlársdagur**
**Opið kl. 8-16** Hamraborg, Nóatún 17, Hringbraut, Austurver, Grafarholt.
**Lokað nýársdag**.
**Krónan**
**Gamlársdagur**
**Opið kl. 9.00-13**: Vestmannaeyjar, Reyðarfjörður.
**Opið kl. 9.00-15**: Allar aðrar verslanir Krónunnar.
**Lokað nýársdag**.
**Nettó**
**Gamlársdagur**
Verslanir eru **opnar kl. 10-15**. Verslanir í Granda og Mjódd loka kl. 15.
**Lokað nýársdag**.
**10-11**
**Gamlársdagur**
**Loka kl. 14**: Kleppsvegur, Garðabær, Laugavegur 180, Birkimelur.
**Lokar kl. 17**: Akranes.
**Loka kl. 18**: Glæsibær, Laugalækur, Eggertsgata, Fjörður, Borgartún, Langirimi, Hjallabrekka, Melabraut, Grímsbær, Seljavegur, Hjarðarhagi, Miklabraut, Akureyri, Hagasmári, Suðurfell.
Opnar allan sólarhringinn: Austurstræti, Laugarvegur, Staðarberg, Lágmúli, Barónsstígur, Dalvegur, Keflavík, Reykjavíkurvegur, Bústaðavegur, Vesturlandsvegur.
Þær verslanir sem loka **opna allar kl. 11** á **nýársdag** að undanskildum Kleppsvegi, Garðabæ, Laugavegi 180 og Birkimel.

**SÖFN**
**Listasafn Reykjavíkur**
Hafnarhús
**Gamlársdagur kl. 10-14**.
**Nýársdagur kl. 13-17**.
Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn eru lokuð.

**Listasafn Íslands**–**lokað**.
**Hafnarborg**–**lokað**.
**Þjóðminjasafnið**–**lokað**.

KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

# GLEÐILEGT NÝTT ÁR

## VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNU ÁRI

# Opið 9-15 í dag

og kl. 9-13 á Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum

## Opnum aftur 2. janúar



Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

markhönnun ehf

# netto

í HÁTÍÐARSKAPI

# ALLT TIL ÁRAMÓ

# GLEÐILEGT NÝÁR!






Kalkún... anskur

**998** kr/kg



Humar VIP 800gr.

**5.998** kr/pk



Kalkúnabringur frosnar, erlendar

**1.898** kr/kg

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |









## Opnunartími hjá NETTÓ dagana 30. des -1. jan

| 30. desember | 31. gamlársdagur | 01. janúar |
| --- | --- | --- |
| 10-22 | 10-15 | Lokað |
| Opið 24 t hjá Nettó Mjódd og Granda | Í öllum verslunum | Í öllum verslunum |

# MYNDAGÁTA FRÉTTABLAÐSINS 2014




**SKILAFRESTUR TIL 13. JANÚAR**

Í myndagátu Fréttablaðsins er ekki gerður greinarmunur á i og y og ekki á grönnum og breiðum sérhljóða frekar en vani er í slíkum gátum.

Lausnum skal skilað í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, eða á netfangið myndagata@frettabladid.is.

Dregið verður úr réttum lausnum og í vinning er gjafakort fyrir tvo á sýninguna Dúkkuheimili í Borgarleikhúsinu. Lausnum skal skilað í síðasta lagi 13. janúar 2015.

Borgarleikhúsið



# Allt í steik!

## 3ja rétta seðill

**5.900.-**

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

**FISKUR DAGSINS**
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

eða

**NAUTALUND**
með laukkremi, gulrót, sveppum, kartöfluflani, svínasíðu og Bourguinon sósu

**SÚKKULAÐI MÚS**
með kókos, skyri og hvítu súkkulaði, hafra mulningi, möndlukexi og bláberjasorbet

**4ra rétta á 7.390.-**

## Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistaranum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!









PERLAN
Veitingahúsið Perlan
S:5620200
perlan@perlan.is
www.perlan.is

# TÍMAMÓT

✝



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**Eyjabakka 28, Reykjavík,**

lést á heimili sínu annan dag jóla.
Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 2. janúar kl. 13.00.

**Sigurður Ferdinandsson**
**Reynir Jóhannsson**
**Óskar B. Hauksson**
**Guðrún Matthíasdóttir**
**Inga Rún Garðarsdóttir**
**Inga Jóna Friðgeirsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN BERGSDÓTTIR**
**á Vestur-Hnappavöllum,**

sem lést 26. desember, verður jarðsungin frá Hofskirkju laugardaginn 3. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Ingibjörg Ingimundardóttir**
**Gunnar Páll Bjarnason**
**Guðjón Ingimundarson**
**Sigurður Ingimundarson**
**Einar Páll Ingimundarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Faðir okkar, stjúpi, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**GUÐMUNDUR ÞORLEIFSSON**

lést á Hrafnistu Hafnarfirði mánudaginn 22. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 6. janúar kl. 13.00.

**Matthildur Guðmundsdóttir**
**Gísli Guðmundsson**
**Sigríður Matthíasdóttir**
**Þorleifur Guðmundsson**
**Hrefna Einarsdóttir**
**Guðmundur Guðmundsson**
**Einína Einarsdóttir**
**María Jónasdóttir**
**Sverrir Jónsson**
**og afabörn.**

✝



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR GUNNARSSON**
**frá Steinsstöðum,**
**Espigrund 9, Akranesi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi 24. desember.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðríður Guðmundsdóttir**
**Þórir Bergmundsson**
**Gunnar Guðmundsson**
**Sesselja Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SOFFÍA ZOPHONÍASDÓTTIR**
**leikskólakennari,**
**Sigtúni 37, Reykjavík,**

lést 17. desember. Útför fer fram frá Laugarneskirkju 2. janúar kl. 13.00.

**Karl Friðjón Arnarson**
**Snjólaug G. Kjartansdóttir**
**Örn Þór Karlsson, Atli Björn Karlsson**

**Úlfar Snær Arnarson**
**Gréta V. Guðmundsdóttir**
**Saga Úlfarsdóttir, Guðmundur Karl Úlfarsson**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
STOFNUÐ 1996




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
STOFNUÐ 1996



Davíð Ósvaldsson
útfararstjóri



Óli Pétur Friðþjófsson
útfararstjóri
Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • www.udo.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. JANÚAR 1979

## Réttarhöld yfir Sid Vicious hefjast

Þennan dag árið 1979 hófust réttarhöld yfir Sid Vicious, bassaleikara pönkhljómsveitarinnar Sex Pistols, vegna morðsins á Nancy Spungen, kærustu hans.

Sid Vicious hét réttu nafni John Simon Ritchie. Hann fæddist í London og stuttu eftir fæðingu hans yfirgaf faðirinn fjölskylduna. Sid og móðir hans fluttust til Ibiza þar sem móðir hans gerðist eiturlyfjasali og má líta á það sem nokkurs konar fyrirboða um það sem í vændum var.

Sid og Nancy voru á kafi í eiturlyfjum og voru á hraðri leið til glötunar. Að morgni 12. október árið 1978 rankaði Sid við sér úr eiturlyfjavímu og fann Nancy látna á baðherbergisgólfinu í hótelherbergi númer 100 á Hótel Chelsea í New York. Hún hafði verið stungin í kviðinn og hafði blætt til dauða.

Sid var handtekinn og ákærður fyrir morðið en hann hélt því fram að hann myndi ekkert eftir atvikinu. Trygging var greidd af útgáfufyrirtækinu Virgin Records svo Sid gæti tekið upp plötu með hljómsveit sinni til að safna fé fyrir lögfræðikostnaði. Þann 2. febrúar árið 1979 var haldin lítil veisla til að fagna því að Sid hafði fengið tímabundið frelsi. Veislan var haldin heima hjá nýrri kærustu hans sem hann hóf samband við daginn sem hann útskrifaðist af Bellevue-spítala í október árið áður. Sid hafði verið vaninn af heróíni á meðan á dvöl hans í fangelsinu stóð. Þetta kvöld fékk hann hins vegar heróín frá móður sinni og tók inn of stóran skammt. Kærastan lífgaði hann við og síðar um nóttina sofnuðu þau. Hann vaknaði hins vegar aldrei aftur til lífsins.



NANCY OG SID VICIOUS

**AFMÆLISBARN** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er sextug í dag.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gamlársdagur verið ágætur afmælisdagur

Sextíu ár eru liðin frá því að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fæddist. Á ævi sinni hefur hún verið ráðherra, borgarstjóri, formaður stjórnmálaflokks og er nú umdæmisstjóri UN Women. Ingibjörg heldur upp á daginn með velunnurum í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, umdæmisstjóri UN Women í Evrópu og Mið-Asíu, fyrrverandi utanríkisráðherra, borgarstjóri og formaður Samfylkingarinnar, er sextug í dag, gamlársdag.

„Ég geri ráð fyrir að verja deginum í faðmi fjölskyldu og vina sem ég hef, marga hverja, ekki séð í lengri tíma,“ segir Ingibjörg Sólrún. Undanfarin sex ár hefur hún verið með annan fótinn erlendis og báða frá árinu 2011. Þá tók hún við stöðu yfirmanns jafnréttisstofnunar UN Women í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Á haustmánuðum í fyrra færði hún sig síðan um set og tók við stöðu umdæmisstjóra UN Women í Evrópu og Mið-Asíu. Aðsetur hennar er nú í Istanbúl í Tyrklandi.

„Þetta er mjög áhugavert og spennandi starf. Ég hef tekið þátt í uppbyggingu svæðisskrifstofunnar og starfsins frá grunni sem er mjög gefandi. Borgin sjálf er jafnframt mjög heillandi og með mikla sögu.“

Ingibjörg Sólrún fæddist á gamlársdag árið 1954. Aðspurð hvort það sé ekki örlítið undarlegt að eiga afmæli á þeim degi hlær hún örlítið og segir að þeirri spurningu sé erfitt að svara þar eð hún hafi engan samanburð. Henni hafi ávallt þótt það ágætt að eiga afmæli á þessum degi. Það séu alltaf allir tilbúnir til að fagna með henni og svo sé frídagur daginn eftir.

„Eftirminnilegasta gamlárskvöldið var á fertugsafmælinu mínu árið 1994. Það ár hafði verið mjög sérstakt og viðburðaríkt í mínu lífi. Ég hafði sest í stól borgarstjóra og afmælisdagurinn varð nokkurs konar lokahnykkur á ótrúlega góðu ári,“ segir Ingibjörg.

Ingibjörg kom hingað til lands skömmu fyrir jól og hélt þau hátíðleg. Hún hverfur aftur út til starfa sinna áður en vika er liðin af nýja árinu. Dvölin hér á landi hafi verið ánægjuleg og það hafi verið gott að komast í snjóinn, kuldann og íslenska vetrarveðrið í smástund.

Líkt og áður segir mun Ingibjörg Sólrún verja deginum í faðmi fjölskyldu og vina. Milli klukkan 14 og 16 tekur hún á móti þeim, og öðrum velunnurum, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

johannoli@frettabladid.is

## ➜ Ingibjörg í 60 ár

**1954** Fæddist í Reykjavík. Dóttir Gísla Gíslasonar og Ingibjargar Níelsdóttur
**1974** Stúdent frá Menntaskólanum við Tjörnina
**1977** Formaður Stúdentaráðs HÍ
**1979** BA-próf í sagnfræði og bókmenntum
**1982-88** Borgarfulltrúi í Reykjavík
**1991** Þingmaður fyrir Kvennalistann
**1994** Borgarstjóri Reykjavíkur
**2005** Þingmaður og formaður Samfylkingarinnar
**2007** Utanríkisráðherra
**2011** Hefur störf hjá Sameinuðu þjóðunum

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

**KARL ELÍAS KARLSSON**

lést á Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði 26. desember sl. Útför hans verður gerð frá Þorlákskirkju laugardaginn 3. janúar kl. 14.00.

**Guðfinnur Karlsson**
**Jóna Kristín Engilbertsdóttir**
**Jón Karlsson**
**Karl Sigmar Karlsson**
**Guðrún Sigríks Sigurðardóttir**
**Erla Karlsdóttir**
**Þórður Eiríksson**
**Kolbrún Karlsdóttir**
**Sigríður Karlsdóttir**
**Jóhann Magnússon**
**Halldóra Ólöf Karlsdóttir**
**Svavar Gíslason**
**Jóna Svava Karlsdóttir**
**Sveinn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær faðir okkar,

**ÓLAFUR DAVÍÐSSON**
**Sandgerði,**

lést á Þorláksmessu 23. desember á hjúkrunarheimilinu Hlévangi í Keflavík. Útför hans fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði miðvikudaginn 7. janúar kl. 13.00.

**Sævar Ólafsson**
**Signý Ólafsdóttir**
**Elín Ólafsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**Sigurlína Ólafsdóttir**
**Marteinn Ólafsson**
**Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir**
**Davíð Þór Ólafsson**
**Ólafur Þór Ólafsson**
**og fjölskyldur.**


VINSÆLASTA
TYGGJÓIÐ ÁRIÐ 2014*
* Heimild: AC Nielsen Capacent - sölutölur
WRIGLEY'S
Extra



KL. 21:05

**Harrý og Heimir – Morð eru til alls fyrst**

Karl Ágúst Úlfsson, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason fara á kostum í sprenghlægilegum ærslaleik.

# Skemmtilegur Gamlársdagur

KL. 20:00

**Ávarp forsætisráðherra**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra flytur ávarp.



KL. 20:15

**Nýársbomba Fóstbræðra**

Stöð 2 sýnir nú hina sígildu áramótabombu Fóstbræðra en þeir fögnuðu nýju ári á sinn einstaka hátt.



KL. 22:30

**Hitch**

Frábær gamanmynd með Will Smith þar sem hann leikur kvennabósann og stefnumótasérfræðinginn Hitch.



KL. 22:00

**Inhale**

Æsileg spennumynd í leikstjórn Baltasars Kormáks um hjón sem leita allra leiða til að finna líffæragjafa fyrir fársjúka dóttur sína.



KL. 21:15

**Bestu Stelpurnar**

Brot af því besta frá Stelpunum vinsælu en hér fara þær stöllur á kostum í óborganlegum þætti.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 2 | | | 7 | | |
| | | 5 | | | 4 | | 1 | |
| | 9 | 4 | 8 | | | | 2 | |
| 8 | | 3 | 7 | | 5 | | | |
| | | | | | | | | 5 |
| | 6 | 2 | | | 3 | | | 8 |
| | | 1 | | 8 | | 9 | 4 | 7 |
| 3 | 2 | | | 9 | | 6 | | |
| 4 | 7 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | | | 3 | | 8 |
| | 2 | | | 1 | | | | |
| | 6 | | 7 | | 3 | | 1 | |
| | 7 | | | 2 | 8 | 4 | 3 | 6 |
| | | | | 4 | | 7 | | |
| 3 | 1 | | 9 | 6 | | 2 | 8 | |
| 5 | 4 | | 6 | 3 | | | | |
| | | | 4 | | | 1 | | |
| | | | | | | | | 9 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | 5 | 1 | 3 | 6 | |
| | 1 | | 8 | 3 | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 8 | | |
| | 2 | 5 | | 8 | 3 | | | |
| | | 6 | 4 | | | | 5 | |
| 4 | 8 | | | | | 2 | | 3 |
| | 6 | | | 1 | | | | |
| | | 9 | 6 | | 8 | | | 7 |
| | | 2 | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 8 | 4 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 3 | 5 | 9 | 1 |
| 5 | 4 | 9 | 8 | 7 | 2 | 6 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 6 | 5 | 3 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 6 | 1 | 2 | 4 | 5 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 7 | 2 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 | 8 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 6 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 8 |
| 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 2 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 | 3 |
| 8 | 7 | 1 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 2 | 6 | 1 | 9 |
| 1 | 4 | 8 | 7 | 9 | 6 | 3 | 2 | 5 |
| 2 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 | 4 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 3 | 8 | 2 | 1 | 4 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 6 | 2 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 2 |
| 7 | 4 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 9 | 8 |

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Á hverju ári erum við breyttar manneskjur. Ég held að við séum ekki sömu manneskjurnar allt okkar líf."**

*Steven Spielberg.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** eignir, **6.** frá, **8.** nár, **9.** ot, **11.** hljóta, **12.** titill, **14.** fet, **16.** Skóli, **17.** útsæði, **18.** hætta, **20.** hreyfing, **21.** trjóna.

**LÓÐRÉTT**

**1.** atorka, **3.** fæddi, **4.** freðmýri, **5.** hallandi, **7.** tildrög, **10.** tæfa, **13.** heyskaparamboð, **15.** matur, **16.** dá, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** góss, **6.** af, **8.** lík, **9.** pot, **11.** fá, **12.** príor, **14.** skref, **16.** ma, **17.** fræ, **18.** ógn, **20.** ið, **21.** kani.

**LÓÐRÉTT: 1.** kapp, **3.** ól, **4.** sífreri, **5.** ská, **7.** forsaga, **10.** tík, **13.** orf, **15.** fæði, **16.** mók, **19.** nn.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Magnús Pálmi Örnólfsson (2.168) fann snjalla leið manni undir gegn Guðmundi Gíslasyni (2.315) á Íslandsmótinu í netskák.**

**Hvítur á leik**



**26. Hxd5! Hxf2** (26.…exd5 27. Hxe8+ Dxe8 28. Dxd6+ Kg7 29. Dxf4 og hvítur vinnur) **27. Dh6+ Kf7??** (eftir 27.…Ke7 á hvítur ekkert betra en þráskák) **27. Dh7+ Kf7 28. Dxd7** og hvítur vann skömmu síðar.

**www.skak.is** Skákþing Reykjavíkur hefst 4. janúar.

# Alltaf opið

| | Gamlársdagur | Nýársdagur |
|---|---|---|
| Austurstræti | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Laugavegur | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Staðarberg | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Lágmúli | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Barónsstígur | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Dalvegur | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Keflavík | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Reykjavíkurvegur | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Bústaðavegur | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |
| Vesturlandsvegur | Opið allan sólarhringinn | Opið allan sólarhringinn |

## Aðrar verslanir

| | Gamlársdagur | Nýársdagur |
|---|---|---|
| Glæsibær | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Laugalækur | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Eggertsgata | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Fjörður | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Borgartún | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Langirimi | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Hjallabrekka | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Melabraut | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Grímsbær | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Seljavegur | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Hjarðarhagi | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Miklabraut | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Akureyri | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Suðurfell | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Hagasmári | Opið til kl. 18:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Akranes | Opið til kl. 17:00 | Opnar kl. 11:00 |
| Kleppsvegur | Opið til kl. 14:00 | LOKAÐ |
| Garðabær | Opið til kl. 14:00 | LOKAÐ |
| Laugavegur 180 | Opið til kl. 14:00 | LOKAÐ |
| Birkimelur | Opið til kl. 14:00 | LOKAÐ |

*Gleðilegt nýtt ár*
*og takk fyrir það gamla*

*Fljótlegt og þægilegt*

# Gleðilega hátíð!






















**Sparisjóðirnir á Íslandi óska þér og þínum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári, með þakklæti fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.**

**Með hátíðarkveðju,**
**starfsfólk Sparisjóðanna.**



















Veldu persónuleg viðskipti
hvar sem þú ert.

**– Veldu þér Sparisjóð.**

www.sparisjodurinn.is

SPARISJÓÐURINN
-fyrir þig og þína

DYNAMO REYKJAVÍK

# MENNING



**VIVID** „Unnur hefur fengið sterka dansara með sér í verkið og má þar ekki á milli sjá hver stendur sig best.“

## Í fullkomnum heimi

DANS ★★★★☆

**Vivid**
Þjóðleikhúsið
**DANSHÖFUNDUR:** UNNUR ELÍSABET GUNNARSDÓTTIR.
**TÓNLIST:** VIKTOR ORRI ÁRNASON.
**DANSARAR:** BERGLIND RAFNSDÓTTIR, ELLEN MARGRÉT BÆHRENZ, ÞÓREY BIRGISDÓTTIR, SIGRÍÐUR ÓLÖF VALDIMARSDÓTTIR, ELÍN SIGNÝ W. RAGNARSDÓTTIR

Það er inn í fjölbreytta flóru íslenskra dansverka sem Unnur Elísabet frumsýnir verkið sitt Vivid nú á milli jóla og nýárs. Þar heldur hún uppi merkjum meira hefðbundinnar dansskköpunar þar sem vel þjálfaðir dansarar tjá með hreyfingum, innan vel gerðrar danssköpunar, hugmynd sem er undirstrikuð með áhugaverðri tónlist og fallegri umgjörð. Unnur hefur þróað sinn ákveðna stíl í danssköpun á undanförnum árum.

Verkin hennar eru oftast mjög sjónræn, þau vísa til kvenlegs veruleika, hreyfingar eru í fyrirrúmi sem tjáningarform og mikið er lagt upp úr danssmíðinni sem slíkri. Það sést á þessari sýningu eins og öðrum sem hún hefur gert að nostrað er við hvert smáatriði.

Hreyfingarnar í verkinu, bæði stórar og smáar, einkennast af mýkt. Mikið er um smáar hreyfingar sem krefjast nákvæmni, hraða og sterkrar samhæfingar en þó eru aldrei nein læti. Unnur hefur fengið sterka dansara með sér í verkið og má þar ekki á milli sjá hver stendur sig best. Dansararnir ná góðum tökum á öllu hreyfiefninu og gefa því mikla dýpt.

Verkið Vivid gerist í fullkomnum heimi að því er virðist en afhjúpar um leið yfirborðsmennsku, tilfinningaleysi, tómleika og endurtekningar. Vísað er í þann heim kvenna þar sem áhersla á yfirborðið skiptir meira máli en það sem undir liggur og ekkert má ógna hinni fullkomnu mynd út á við. Hvítir leikmunir, borð og stólar og ljósir búningar undirstrikuðu vel stemninguna og það sama má segja um hárgreiðsluna en dansararnir báru allar óaðfinnanlegan hnút í hárinu sem haggaðist ekki sama á hverju gekk. Liturinn og áferðin á samfestingunum og serkjum dansaranna voru mjög passandi og flott en sniðið minnti þó fullmikið á gríðarstór nærföt sem konur klæðast inni á kvennadeild Landspítalans eftir barnsburð og sloppana sem boðið er upp á þegar farið er í krabbameinsskoðun.

Upplifun af dansverkum er eins misjöfn og þau eru mörg. Stundum eru þau þess eðlis að þau ýta við lífsskoðunum manns, stundum spila þau á tilfinningarnar og í önnur skipti fá þau mann til að hlæja. Vivid er síðan sú tegund verks sem er fyrst og fremst nautn að horfa á vegna þess hvað það er vandað þó að það búi einnig yfir boðskap sem vert er að hugsa um.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vandað og vel unnið dansverk.

# Skemmtilega plottdrifið verk

Dúkkuheimili Ibsens var frumsýnt í Borgarleikhúsinu í gær. Leikstjórinn Harpa Arnardóttir segir magnað að skynja samtímann gegnum 135 ára gamalt leikverk.

„Dúkkuheimili er af sumum talið eitt best skrifaða leikrit allra tíma. Þegar ég las það fyrir tæpu ári, í upphafi vinnuferlisins, hugsaði ég: Ef þetta væri eftir nútímahöfund mundi maður segja,
„Ja, sá er aldeilis með puttann á púlsinum.“ Þó eru 135 ár frá því það var skrifað.“ Þannig byrjar Harpa Arnardóttir að lýsa skilningi sínum á stórvirkinu sem hún leikstýrir nú á stóra sviði Borgarleikhússins.

Spurningu um hvers vegna heiti verksins hafi verið breytt úr Brúðuheimili í Dúkkuheimili svarar Harpa: „Það er til að innbyrðis rökin haldi, Dúkkuheimili er vísun í texta í verkinu. Við notum frekar orðið dúkka en brúða nú til dags. Svo hefur nafnið breyst áður. Fyrsta uppsetning hér á landi, sem var í byrjun 20. aldar, hét Heimilisbrúðan.“ Hún segir nýja þýðingu Hrafnhildar Hagalín á verkinu alveg frábæra. „Öll verk þarf í raun að þýða inn í samtímann. Næmi fyrir tungumálinu skiptir svo miklu máli í túlkuninni. Við Hrafnhildur unnum saman styttingar á verkinu í vor og lögðumst í greiningu á því – djúpgreiningu.“

Harpa segir Dúkkuheimili skemmtilega plottdrifið verk. „Það talar til okkar Íslendinga, það er um skuldarann og skuldunautana og hjón sem ekki vilja bara nóg af peningum heldur fullt, fullt af peningum svo ég vitni nú beint í verkið. Nóra leikur hlutverkið sem hún heldur að Helmer vilji að hún leiki og Helmer leikur hlutverkið sem hann heldur að Nóra vilji að hann leiki. Þannig er lífslygin miðlæg í verkinu.“

*Þetta hefur allt verið til á tímum Ibsens.*

„Já, það er eins og með alla klassík að þótt hún sé skrifuð inn í sinn samtíma þá tekst sumum höfundum að fara svo djúpt inn í mannseðlið sjálft. Þannig er það með Ibsen og þannig er það með Shakespeare og Grikkina og fleiri. Mannseðlið breytist ekki svo mikið þó að tíðarandinn breytist.“

*Hjónabandið hlýtur þó að hafa tekið dálitlum breytingum frá árinu 1879. Er það ekki áberandi í þessu verki?*

„Nei, Ibsen lýsir aðstæðum sem hægt er að spegla sig í en hann predikar ekki. Siðferðið breytist með tíðaranda en mannseðlið er samt við sig. Þetta er innblásið verk, þar kemur undirvitundin klárlega til hjálpar höfundinum því skilningur hans er mjög djúpur.“

Leikmynd Ilmar Stefánsdóttur vekur athygli. Fimm tonn af gúmmíkurli eru á sviðinu og Harpa segir þetta í fyrsta sinn sem dýpt stóra sviðsins upp á 25 metra sé notuð allan tímann. Hún segir teymið bak við sýninguna í sérflokki og að það sé grundvallaratriði. Leikararnir fimm sem mest mæðir á eru þau Unnur Ösp Stefánsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Þorsteinn Bachmann, Arndís Hrönn Egilsdóttir og Valur Freyr Einarsson. Svo eru börn líka í sýningunni, því heimilið er fullt af börnum.

Harpa kveðst full þakklætis fyrir að fá að takast á við þetta verk. Þó að það sé mest leikna leikrit allra tíma sé hver uppfærsla listaverk út af fyrir sig. „Okkar Dúkkuheimili er Ísland í dag og um leið allur heimurinn,“ segir hún. „Bara staður og stund í mannlegri tilveru.

**gun@frettabladid.is**



**ÚR SÝNINGUNNI** Hilmir Snær, Valur Freyr og Unnur Ösp í hlutverkum sínum. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

> **Nóra leikur hlutverkið sem hún heldur að Helmer vilji að hún leiki og Helmer leikur hlutverkið sem hann heldur að Nóra vilji að hann leiki.**



**LEIKSTJÓRINN** „Okkar Dúkkuheimili er Ísland í dag og um leið allur heimurinn,“ segir Harpa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

## TAKK FYRIR KOMUNA

**STARFSFÓLK BORGARLEIKHÚSSINS**

## BYRJAÐU ÁRIÐ Í BORGARLEIKHÚSINU

Gjafakort Borgarleikhússins leyndust í fjölmörgum jólapökkum.
Þau eru ávísun á töfrandi stundir. Láttu gjafakortið þitt lifna við á nýju ári.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |  |
| Lína Langsokkur | Dúkkuheimili | Beint í æð! | Ekki hætta að anda | Kenneth Máni | Öldin okkar |

## SÝNINGAR Á FJÖLUNUM Í JANÚAR



Tryggðu þér töfrandi kvöldstund strax í janúar!



Hægt er að panta gómsæta leikhúsmáltíð til að njóta fyrir sýningu eða í hléi.

**MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS**

# Áramótaheitin 2015

Á miðnætti gengur nýtt ár í garð og fjölmargir strengja áramótaheit í tilefni þess. Fréttablaðið tók nokkra einstaklinga tali og grennslaðist fyrir um áramótaheit þeirra. Þar kennir ýmissa grasa en viðmælendur strengdu þess meðal annars heit að láta drauma sína rætast, gefa út plötu, láta gott af sér leiða og forðast sykurpúkann.



**Ný plata er heitið** Áramótaheitið er að gefa út nýja plötu á árinu. Ég er heldur betur byrjaður á því–það eru átta lög komin og öll óútgefin. EMMSJÉ GAUTI, RAPPARI.



**Vera betri manneskja** Áramótaheitið mitt er mjög óljóst en ég missti það út úr mér við einhvern í fyrradag. Það er bara að vera betri manneskja og örlátari á tíma minn.
GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR, RITHÖFUNDUR.



**Standa sig í móðurhlutverkinu**
Þar sem ég á nú von á lítilli prinsessu núna í byrjun mars þá hugsa ég að áramótaheitið mitt verði að eyða sem mestum tíma með fjöldskyldunni og standa mig vel í móðurhlutverkinu. SARA LIND PÁLSDÓTTIR, EIGANDI JÚNÍK.



**Róum í sömu átt** Ég biðst afsökunar á öllum þeim vanda sem ég hef valdið frá fæðingu minni og hyggst bæta úr því á næsta ári eða í næsta lífi. Um leið sendi ég öllum landsmönnum hugheilar nýárskveðjur. Reynum að róa í sömu áttina.
JÓN ÁRSÆLL ÞÓRÐARSON, DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR.

## GÓÐ RÁÐ FRÁ MARKÞJÁLFA

Oft reynist erfiðara að standa við áramótaheitin en að setja sér þau.

María Lovísa Árnadóttir markþjálfi setti saman góðar ráðleggingar um hvernig best er að setja sér markmið og standa við þau.



Hún segir mikilvægt að setja sér raunhæf, framkvæmanleg markmið og brjóta þau niður í skref. „Óraunhæf eða yfirgnæfandi háleit markmið geta virkað spennandi í fyrstu en gera manni síðan erfitt fyrir og valda því jafnvel að fólk byrjar aldrei.“

Einnig segir hún ekki síður skipta máli að átta sig á því af hverju ákveðið markmið er sett. „Mikilvægt er að vita hvað við viljum en mikilvægara er þó að svara því hvernig við ætlum að gera það og kannski umfram allt af hverju við viljum það. Tengdu þig persónulega við heitin þín með því að til dæmis svara: Hvað þýðir það fyrir mig að vera í formi og af hverju vil ég það?“ Mikilvægt er að missa ekki dampinn við mistök eða hliðarspor.

„Fagnaðu öllum áföngum og mundu að eftir því sem tíminn líður þá verða allar breytingar auðveldari og verða að lokum að nýjum vana og þú verður kominn þangað sem þú ætlaðir þér.“



**Passar sig á sykurpúkanum** Mér tókst að taka heilsuna og kroppinn vel í gegn á liðnu ári svo áramótamarkmiðið er að massa mig aðeins upp og láta ekki sykurpúkann ná tökum á mér. Aðal áramótaheitið er hins vegar að fókusera á móðurhlutverkið og passa vel upp á ungana mína.
ERNA HRÖNN ÓLAFSDÓTTIR, TÓNLISTARKONA.



**Hitta vinina oftar** Ég er með mjög einfalt áramótaheit, ég ætla að vera duglegri að hitta vini mína og bjóða þeim í heimsókn. LÓA HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTIR, TÓNLISTAR- OG LISTAKONA.



**Láta draumana rætast**
Halda áfram að láta draumana rætast, það er mitt áramótaheit. Hef unnið ötullega að því og tók það föstum tökum á afmælisári með því að halda upp á risastórt afmæli. Alltaf draumur hjá mér að fara á Billy Joel-tónleika í Madison Square Garden í New York. Tjékk! Tengist mikið ferðalögum og gleði.
HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR, LEIKKONA.



**Láta gott af sér leiða** Ég ætla að gera næsta ár betra en árið í ár. Ég ætla að halda áfram að gera góða hluti, Láta gott af mér leiða og hjálpa þeim sem þurfa hjálp. Svo ætla ég að bæta mig aðeins í ræktinni og taka meira á því hjá honum Garðari stjörnutálgara. HERBERT GUÐMUNDSSON TÓNLISTARMAÐUR.



**Sanngjarnari við ríkisstjórnina**
Ég ætla að vera sanngjarnari við ríkisstjórn Íslands. Svo ætla ég að senda Fréttablaðinu nýja mynd af mér.
HAUKUR S. MAGNÚSSON, RITSTJÓRI REYKJAVIK GRAPEVINE.




Fáðu þér áskrift! 365.IS

SAMBÍÓIN
GLEÐILEGT NÝTT ÁR
TÍMARNIR GILDA 1. JANÚAR

FRÁBÆR RÓMANTÍSK GAMANMYND
FRÁ SAMA HÖFUNDI OG FÆRÐI OKKUR P.S. I LOVE YOU
LOVE ROSIE
UNBROKEN
Vinsælasta teiknimynd allra tíma
FROSINN
Aftur í bíó um jólin
HORRIBLE BOSSES 2
HOLLYWOOD REPORTER
BIG HERO 6
Jólamyndin 2014

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL. 2 - 5:10 - 8 - 10:50 |
| UNBROKEN VIP | KL. 11 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 10:20 |
| THE HOBBIT 2D VIP | KL. 2 - 5 - 8 |
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 4:20 - 5:40 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 |
| INTERSTELLAR | KL. 10:20 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL. 10:20 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5 - 8 - 11 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5:50 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 3:40 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 2 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| THE HOBBIT HFR 3D | KL. 4 - 7 - 10 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 3 - 6 - 9 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 - 10:20 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| EXODUS: GODS AND KINGS 2D | KL. 10:20 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL. 5 - 8 - 10:15 - 10:50 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 10:20 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL. 8 - 10:20 |
| LOVE, ROSIE | KL. 10:45 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 |

# Langlundargeð lúinna

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ég heyrði á tal afgreiðslustúlknanna frammi í búðinni gegnum jólatónlistina. Ég var á bak við tjald að máta kjól, taldi mig loksins búna að finna jólakjólinn. Mér leiðist ekkert að skoða föt í búðum og hafði eytt bróðurparti kvöldsins í Kringlunni á rápi milli verslana. Stoppaði í millitíðinni til að fá mér hressingu, kaffifrappó með þeyttum rjóma og var einmitt að svolgra í mig síðasta sopann, rjómablandaðan úr botninum, þegar ég heyrði aðra afgreiðslustúlkuna segja við hina að hún hefði ekkert komist í kvöldmat. Klukkan var langt gengin í tíu.

**ÖNNUR** afgreiðslustúlka leitaði lengi á lagernum fyrir mig að umbúðum sem ekki sæist í gegnum svo sá sem var með mér í búðinni sæi ekki hvað ég var að kaupa. Ég tafði hana með þessu en hún rétti mér pokann brosandi og óskaði mér gleðilegra jóla áður en hún sneri sér að næsta. Í annarri verslun gerði stúlkan á kassanum grín að sjálfri sér þegar hún nefndi allt aðra upphæð við mig en stóð á skjánum, „það er greinilega komið að háttatíma hjá mér“, sagði hún hlæjandi. Strákurinn sem afgreiddi mig í Hagkaupi rétt fyrir lokun baðst afsökunar á stórum geispa sem hann gat ekki með nokkru móti hamið. Spurði mig svo hvort ég væri ekki bara í góðu skapi samt. Á eftir mér var löng röð af fólki sem hann átti eftir að afgreiða en ég dólaði mér heim. Kvöldið hafði verið hið ljúfasta, hjá mér.

**Í BLÖÐUNUM** las ég lýsingar starfsmanns í verslun sem hafði verið sleginn utan undir af viðskiptavini. Öðrum hafði verið úthúðað fyrir að spyrja hversu marga poka viðskiptavinurinn ætlaði að nota og fleiri höfðu verið grættir af argandi frekjuhundum. Dónaskapur gagnvart afgreiðslufólki er fastur liður í jólastressinu, svo fastur að búin voru til sérstök barmmerki til að minna fólk á að sýna því kurteisi.

**ÞAU** sem afgreiddu mig dauðlúin undir kvöld í Kringlunni þurftu þó engin barmmerki til að minna sig á að brosa til mín. Ég vona að þau hafi átt notaleg jól.

# Allt á réttri leið

TÓNLIST ★★★★☆

**Coolboy**
Oyama
**12 TÓNAR**



Það var virkilega spennandi á sínum tíma þegar heyrðist af tilvist Oyama, íslenskrar hljómsveitar sem spilaði skóglápstónlist (e. shoegaze). Þær hafa nefnilega ekki verið margar sveitirnar sem hafa fetað þessa vandasömu braut effekta og marglaga hljóðmúraðrar gítarsúpu; allt saman keyrt áfram af þéttri bassalínu og taktföstum trommuleik. Oyama tók slaginn og gaf út frumburð sinn í fyrra, stuttskífuna I Wanna, en Coolboy, sem kom út á haustmánuðum 2014, er þeirra fyrsta breiðskífa.

Nokkuð var rætt um Oyama á árinu þegar lögin sem líta dagsins ljós á Coolboy voru frumflutt á tónleikum – jafnvel talað um að hljómsveitin hefði breytt algerlega um hljóðheim frá fyrra verki – sem er líklega ofmat, sem betur fer. Réttara væri að segja að Oyama er enn á sömu braut skóglápsins en þéttari … betri. Að sækja sér áhrif til sveita eins og My Bloody Valentine, Ride eða Slowdive er hægara sagt en gert og nauðsynlegt að vanda til verka.




Upptökustjóri plötunnar, hinn góðkunni gítarleikari Pétur Ben, vinnur mikið afrek á plötunni og greinilegt að framlag hans hefur skipt miklu máli í að fullkomna hljóðheim plötunnar en hann er, tja … mjög pró. Það verður einfaldlega að viðurkennast. Þar er ekki síður mikilvægt framlag Júlíu Hermannsdóttur og Úlfs Alexanders Einarssonar, einhvers konar Rachel Goswell og Neil Halstead Íslands, sem syngja og radda (með góðri aðstoð effekta) fullkomlega til að búa til sveimkennda þoku sem svífur yfir öllu saman. Bergur Thomas Andersen fær einnig hrós fyrir að gersamlega negla hlutverk bassaleikara skóglápssveitar.

Erfitt er að velja bestu lög plötunnar sem er í heild mjög jöfn. Þó eru „The Cat Has Thirst“, „Siblings“ og „Another Day“ slagarar sem slíkir, þá sérstaklega melódísk gítarsúpa undir lok síðastnefnda lagsins sem hreinlega öskrar á tónleikaheimsókn, loka augunum og hreyfa sig í slow-motion – í sömu fótsporunum, eins og árið væri 1992.

Björn Teitsson

**NIÐURSTAÐA:** Eina skóglápshljómsveit Íslands stendur undir nafni og hefur greinilega tekið miklum framförum á skömmum tíma.

Gleðilegt nýtt bíóár
SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
THE HOBBIT
UNBROKEN
SÝNINGARTÍMAR GILDA FRÁ OG MEÐ 1. JANÚAR
JÓLAMYND FJÖLSKYLDUNNAR
NIGHT AT THE MUSEUM
BIG HERO 6
★★★★ - EMPIRE
EXODUS
MÖRGÆSIRNAR

SMÁRABÍÓ 5%

| | |
|---|---|
| HOBBIT 3 3D 48R | KL 1 – 2.30 – 4.30 – 6 – 8 – 9.30 – 11 |
| HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL 1 – 4.30 – 8 – 11 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 1 – 3.30 – 5.45 – 8 |
| EXODUS | KL 6 – 9.30 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 10.20 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 1 – 3.30 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | |
|---|---|
| UNBROKEN | KL 7.15 – 10 |
| THE HOBBIT 3 3D | KL 2 – 4.15 – 5.30 – 9 – 10.10 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 2 – 4.45 – 6.45 |
